

Ágripabók

Ágrip erinda flutt á ráðstefnunni Viðskipti og vísindi
16. til 17.mars 2023

Ráðstefnan Viðskipti og vísindi
Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Reykjavík
Mars 2023
ISBN: 978-9979-9743-6-9
Umbrot og hönnun: Eydís Sigrún Jónsdóttir



Viðskipti og vísindi

Ráðstefna Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands

14. til 17. mars 2023

Viðskipti og vísindi er nú haldin í fyrsta sinn. Á ráðstefnunni miðla rannsakendur úr háskólasamfélaginu fræðilegri þekkingu og rannsóknaniðurstöðum og stjórnendur og starfsfólk úr viðskiptalífinu miðla einnig reynslu sinni og þekkingu. Viðfangsefni ráðstefnunnar í ár eru fjölbreytt þar sem meðal annars er fjallað um stjórnarhætti, gagnsæi, skattsvik, sjálfbærni, nýsköpun, sölu banka, vinnumarkað, jöfn tækifæri kynja, kulnun í starfi og þjónandi forystu.

Ráðstefnan er árlegur vettvangur þekkingarmiðlunar á sviði viðskipta og tengdra greina þar sem þátttakendur njóta góðs af því að rannsakendur úr háskólasamfélaginu og fulltrúar frá ólíkum áttum atvinnulífsins sameina krafta sína. Það er von Viðskiptafræðideildar að ráðstefnan skapi virði fyrir rannsakendur, stjórnendur, viðskiptalífið, stjórnsýsluna, félagasamtök, háskólanemendur og samfélagið í heild.

Ráðstefnunefndin,
Auður Hermannsdóttir
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
Runólfur Smári Steinþórsson
Sigrún Gunnarsdóttir
Þórhallur Örn Guðlaugsson



Efnisyfirlit

Gagnsæi í fjármálum	6
Gagnsæi og traust í reikningsskilum.....	7
Einar Guðbjartsson, Eyþór Í. Jónsson og Jón S. Snorrason	
Árlegur kostnaður almennings í verðbréfasjóðum sem hlutfall af (væntri) ávöxtun þeirra	8
Már Wolfgang Mixa	
Notkun markaðsgagna til samsetningar á eignakörfum	9
Helgi Tómasson	
Sjálfbærniupplýsingar, gagnsæi og stjórnarhættir.....	10
Sigurjón Geirsson og Ágúst Arnórsson	
Áskoranir og töfrar í vinnuumhverfinu.....	11
Verkefnamiðað vinnuumhverfi: Áhrif á starfsfólk	12
Freyr Halldórsson	
Kulnunaráskorunin: Að bæta samband starfsfólks og vinnustaðar	13
Hjördís Sigursteinsdóttir	
Einelti á vinnustað: Áhrif eftir að einstaklingur hverfur af vinnustað.....	14
Sigrún Eyjólfsdóttir og Ingi Rúnar Eðvarðsson	
Félagslegir töfrar á vinnustaðnum - og hvernig þeir eiga undir högg að sækja.....	15
Viðar Halldórsson	
Meðferð upplýsinga í fjarvinnu: Upplýsingaöryggi og tækifæri til framtíðar.....	16
Ragna Kemp Haraldsdóttir og Jóhanna Gunnlaugsdóttir	
Er þörf á að endurskoða vinnulöggjöfina?.....	17
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson	
Klasar og nýsköpun	18
Skuggahliðar einkaleyfa.....	19
Gunnar Óskarsson og Guðjón Helgi Egilsson	
Vaxtarsamningar og klasatengt starf	20
Runólfur Smári Steinþórsson og Harpa Dís Jónsdóttir	
Smáklasar og frumkvöðlastarf í ferðaþjónustu: Hlutverk tengslaneta á viðsjárverðum tímum ..	21
Ingibjörg Sigurðardóttir og Runólfur Smári Steinþórsson	
Einkenni og umfang á starfsemi frumkvöðlasetra á Íslandi 1999-2020	22
Runólfur Smári Steinþórsson	
Tækifæri kynja til stjórnunarstarfa	23
Konur eru einungis 5% forstjóra skráðra félaga á heimsvísu.....	24
Ásta Dís Óladóttir	
Svo öflugur að ekki var tilefni til að auglýsa starfið	25
Þóra H Christiansen	



Hvers konar forystuhæfni er leitað að við ráðningar forstjóra skráðra félaga?	26
Sigrún Gunnarsdóttir	
Vegurinn er grýttur: Upplifun stjórnarkvenna á hindrunum sem koma í veg fyrir að konur gegni forstjórastöðum	27
Dr. Erla S. Kristjánsdóttir	
Stefnur og straumar í markaðsfræði	28
Fisk á þeirra disk: Fiskneysla barna á grunnskólaaldri	29
Auður Hermannsdóttir	
Mikilvægi staðsetningar, verðs og gæða við val á matvöruverslunum.....	30
Þórhallur Örn Guðlaugsson	
Hefur umhverfisstefna fatavörumerkja áhrif á vörumerkjavirði þeirra?	31
Rakel Jónsdóttir og Brynjar Þór Þorsteinsson	
Stafræn umbreyting íslenskra fatafyrirtækja	32
Brynjar Þór Þorsteinsson, Einar Svansson og Dóróthea Jóhannsdóttir	
Stjórnun og forysta.....	33
Leiðtogastílar í íslenskum líftæknifyrirtækjum	34
Haraldur Daði Ragnarsson og Olga Ýr Björgvinsdóttir	
Hvernig getur þjónandi forysta bætt vellíðan og vinnustaðamenningu?	35
Sigrún Gunnarsdóttir	
Helstu áskoranir í stjórnun sveitarfélaga á tímum COVID-19.....	36
Hjördís Sigursteinsdóttir	
Krísa og krísustjórnun KSÍ 2021.....	37
Jón Snorri Snorrason	
Sjálfbærni.....	38
Eru lök gæði sjálfbærniupplýsinga hindrun á notkun þeirra meðal fagfjárfesta?	39
Björg Jónsdóttir, Þröstur Olaf Sigurjónsson, Stefan Wendt og Lára Jóhannsdóttir	
Innleiðing gervigreindar í virðisikeðju til stuðnings sjálfbærni.....	40
Þröstur Olaf Sigurjónsson og Stefan Wendt	
Viðskiptatækifæri sjálfbærni mæld með aðferðarfræði kvikra kerfislíkana	41
Ágústa Þóra Jónsdóttir og Brynhildur Davíðsdóttir	
Í átt að sjálfbærni - Samspil félagslega, umhverfislega og efnahagslega þátta í viðskiptalíkönunorrænna tiskufyrirtækja	42
Þórey S Þórisdóttir og Lára Jóhannsdóttir	
Fjármál, markaður og menning.....	43
Mislagðar hendur: Ríkið reynir að selja banka	44
Gylfi Magnússon	
EFTA-ríkin og fríverslun við Kína	45
Sigurður Guðjónsson og Jón Þorvaldur Hreiðarsson	
Fjárhagsleg áhættu hegðun frá menningarlegu sjónarhorni.....	46
Verena Karlsdóttir, Mór Wolfgang Mixa og Anna Maria Wojtynska	



Skattsvik og siðferði hinna hverfullu og refjóttu	47
Arna Laufey Steinarsdóttir og Auður Hermannsdóttir	
Markaðsaðgengi: Samanburður milli Japan og Kína	48
Bryndís Ólafsdóttir og Erla Sólveig Kristjánsdóttir	
Höfundalisti.....	49



Gagnsæi í fjármálum

Gagnsæi og traust í reikningsskilum

Höfundar: Einar Guðbjartsson, Eyþór Í. Jónsson og Jón S. Snorrason

Árlegur kostnaður almennings í verðbréfasjóðum sem hlutfall af væntri ávöxtun þeirra

Höfundur: Már Wolfgang Mixa

Notkun markaðsgagna til samsetningar á eignakörfum

Höfundur: Helgi Tómasson

Sjálfbærniupplýsingar, gagnsæi og stjórnarhættir

Höfundar: Sigurjón Geirsson og Ágúst Arnórsson



Einar Guðbjartsson, eg@hi.is
Eyþór Í. Jónsson, eythor@akademias.is
Jón S. Snorrason, jonsnorri@bifrost.is

Gagnsæi og traust í reikningsskilum

Á þriggja ára tímabili, 1999 til 2002, hrundu mörg stór og alþjóðleg fyrirtæki vegna fjármála- og bókhaldssvika. Eftirleikurinn var að endurheimta traust almennings og fjárfesta á fjármála- og hlutabréfamarkað sem og á reikningsskil félaga. Stór hluti af þeirri vinnu var meðal annars að innleiða ný og strangari lög og reglur. Ein aðgerð, lögbundin innleiðing endurskoðunarnefnda, hefur að öllum líkindum haft hvað mest áhrif á gerð og framsetningu reikningsskila. Árið 2009 samþykkti Alþingi lög varðandi það að einingar tengdar almannahagsmunum skulu skipa endurskoðunarnefndir. Var þetta eitt skref í að endurheimta traust almennings og fjárfesta. Markmið rannsóknarinnar er að svara rannsóknarspurningunni; Hefur starf endurskoðunarnefnda náð tilætluðu markmið, þ.e. aukið traust og gagnsæi reikningsskila á Íslandi? Til að komast að því hvort starfsemi endurskoðunarnefnda á 10 ára tímabili á Íslandi hafi haft áhrif á traust og gagnsæi reikningsskila var gerð könnun meðal endurskoðenda.

Rannsóknin byggir á könnun sem gerð var haustið 2022 en hún var send til allra endurskoðenda sem voru félagsmenn í Félagi löggiltra endurskoðenda (FLE). Svarhlutfall var um 20%. QuestionPro var notað til að halda utan um spurningar og svör.

Niðurstöðurnar sýna að endurskoðendur eru almennt sammála um að bæði gagnsæi og traust hafi aukist með tilkomu endurskoðunarnefndar varðandi reikningsskilin. Má því ætla að endurskoðunarnefndir hafi staðið undir væntingum markaðarins.

Takmarkanir rannsóknarinnar eru þær að þetta á við einn tímamark og er því ekki hægt að áætla þróun yfir tíma. Aðrir haghafar voru ekki meðal þátttakenda. Hagnýtt gildi rannsóknarinnar er fyrst og fremst að mikilvægt er að fá afstöðu endurskoðenda til verklegrar starfsemi endurskoðunarnefnda og þá sérstaklega vegna hugtakanna gagnsæi og traust. Endurskoðendur eru sá hópur sem hefur bestu þekkingu og reynslu til að leggja mat á framlag endurskoðunarnefnda til að uppfylla ákvæði laga. Afstaða endurskoðenda er því mikilvæg í áframhaldandi starfsemi endurskoðunarnefnda. Rannsókn sýnir að gagnsæi og traust með til umboðskenningar og góðra stjórnarháttu hafi aukist gagnvart fjárhagsupplýsingum með tilkomu endurskoðunarnefnda. Álykta má að lagaskyldan hafi verið rétt skref þ.e. skylda að skipa endurskoðunarnefndir.

Lykilorð: Reikningsskil, traust og gagnsæi



Már Wolfgang Mixa, mwm@hi.is

Árlegur kostnaður almennings í verðbréfasjóðum sem hlutfall af (væntri) ávöxtun þeirra

Sýnt verður hver þróun kostnaðar af raunverulegri ávöxtun og væntri ávöxtun almennings í formi umsjónarlauna verðbréfasjóða fyrir almenning hefur verið síðustu ár

Rannsóknin ber umsjónarlaun verðbréfasjóða saman við árlega ávöxtun sjóða og einnig vænta ávöxtun miðað við ávöxtunarkröfu skuldabréfa í byrjun hvers árs og eðlilegt áhættuálag fyrir hlutabréfasjóði. Einnig verður þróun kostnaðar íslenskra verðbréfasjóða borin saman við erlenda verðbréfasjóða á tímabilinu. Einblínt er á árin 2015-2022. Á því tímabili reis hlutabréfamarkaður úr öskunni eftir hrúnið 2008 og ávöxtunarkrafa skuldabréfa lækkaði jafnt og þétt, þangað til nýlega. Þetta getur skipt almenningi sem fjárfestir í sjóðum miklu máli.

Dregnar verða saman þróun árlegs kostnaðar verðbréfasjóða og ávöxtunar þeirra. Markmiðið er að sýna hvert hlutfallið sé sem almennir fjárfestar greiða fyrir aukinni áhættudreifingu í gegnum verðbréfasjóði.

Takmarkanir rannsóknarinnar er aðallega sú að ávöxtun hvers árs á tímabilinu 2015-2021 var einstaklega góð vegna lækkandi vaxtastigs á tímabilinu. Þetta kann að skekkja niðurstöður varðandi hlutfall kostnaðar við ávöxtun hvers árs, þar sem að lækkandi vaxtastig er almennt drifkraftur hærri ávöxtunar á langtímafjárfestingum. Hagnýtt gildi rannsóknarinnar snýr að því að íslenskir fjárfestar verða betur meðvitaðir um þann árlega kostnað sem þeir greiða sem hlutfall af væntri ávöxtun til þess að ná ákveðinni áhættudreifingu. Þetta á sérstaklega við um íslenska hlutabréfasjóði, þar sem að fá félög eru skráð í Kauphöllinni og mörg þeirra eru í sama atvinnugeira. Það er nýnæmi á Íslandi að bera saman umsjónarlaun við (vænta) ávöxtun. Þörf er á slíku, sérstaklega í töluvert (enn) lægra vaxtaumhverfi en það hefur sögulega verið. Hægt verður í framhaldinu að rannsaka betur hver hlutfallslegur er fyrir minnkun á flökti ávöxtunar hjá almennum fjárfestum verðbréfasjóða. Fræðilegt gildi fellst einnig í að ljósi er brugðið á sögulega þróun og samhengi hennar út frá verðbréfamörkuðum.

Lykilorð: Verðbréfasjóðir, umsjónarlaun, kostnaður, ávöxtun



Helgi Tómasson, helgito@hi.is

Notkun markaðsgagna til samsetningar á eignakörfum

Samsetning á eignakörfum er grundvallaratriði í eignastýringu. Verð eigna þróast í tíma og virk vöktun á þróun eigna er því nauðsynleg. Mikilvægt markmið er að eignakarfa sé þannig hönnuð að breytileiki/áhætta sé sem minnst. Sambreytileiki (e. covariance) verðbreytinga gagnast við samsetningu bestu eignakörfu. Þessi breytileiki er óþekktur og verður að notast við tölfræðilegt mat. Fyrirliggjandi gögn eru söguleg viðskipti. Í þessari rannsókn er lögð fram aðferðafræði við að meta fylki sambreytileika byggð á gögnum af verðbréfamarkaði. Gögnin eru tímasett og tekið er tillit til þess að upplýsingaflæði um einstakar eignir er ekki í takt.

Gengið er út frá því að verðlagning eigna á markaði byggir á skilvirkum markaði (e. efficient market). Gert er ráð fyrir hreyfimyntur verðs fylgi slembigangi (e. random-walk) og mælingar innihaldi mæliskekkju. Sennileikafall er reiknað með Kalman-síu aðferð. Sambreytileiki er settur fram með aðferðum sem henta tölulegri hámerkun sennileikafalls. Þær aðferðir byggja meðal annars á Choleksi-þáttun og SVD-þáttun með Givens snúningum. Útreikningum er pakkað í R-pakka þannig að hægt sé að meta líkan þar sem gögn fyrir einstakar eignir flæða mishratt á markaði.

Niðurstöðurnar eru R-pakki með forritum sem framkvæma matið. Hægt er að setja skorður á sambreytileikafylkið, t.d. þannig að það hafi þáttaform (e. factor-structure). Takmarkanir eru að aðferðirnar eru þungar í reikningum og því mikilvægt að skipuleggja gagnavinnslu í samræmi við það. Hagnýtt gildi rannsóknarinnar er að hægt er að nota viðskiptaflæði á mörkuðum (e. tick-by-tick) beint við val á eignakörfu en framlag rannsóknarinnar er að hún snýst um aðferðafræði við að meta almennt fylki sambreytileika.

Lykilorð: Choleksi-þáttun, Givens-þáttun, skilvirkir markaðir



Sigurjón Geirsson, sgg@hi.is
Ágúst Arnórsson, agustar@hi.is

Sjálfbærniupplýsingar, gagnsæi og stjórnarhættir

Rannsóknin gerir grein fyrir niðurstöðum úr tveimur rannsóknarverkefnum sem varða gagnsæi, stjórnarhætti og reikningsskil sjálfbærni. Annars vegar verður gerð grein fyrir niðurstöðum REF-rannsóknarverkefnisins þar sem sjónum var beint að samspili reikningsskila og endurskoðunar og virkni fjármálamarkaða. Hins vegar verður fjallað um nýtt rannsóknarverkefni þar sem greindar hafa verið þær kröfur sem íslensk fyrirtæki þurfa að uppfylla við innleiðingu tilskipunar ESB um sjálfbærniupplýsingar (CSRD) sem nær einnig til reikningsskila óefnislegra virðisþátta sem skipta máli í starfsemi viðkomandi skipulagsheildar.

Í REF verkefninu var upplýsingagjöf skráðra fyrirtækja hér á landi greind með hliðsjón af viðmiðum um samþætta upplýsingagjöf og rammaumgjörð um forsendur gæða endurskoðunar. Seinna verkefnið er hluti af doktorsverkefni sem er ætlað að sýna fram á hvernig nota megji hagrænar matsaðferðir sem ná yfir óefnisleg atriði, t.d. landslag og ásýnd. Áskoranirnar þar eru þær sömu og þegar meta skal mikilvægi óefnislegra þátta tengt sjálfbærni fyrirtækja og fjalla um önnur óefnisleg atriði, þar með talið mikilvæg atriði sem varða hæfi viðkomandi fyrirtækis til virðissköpunar. Bæði rannsóknarverkefnin voru m.a. styrkt af námsstyrkja og rannsóknasjóði Félags löggiltra endurskoðenda.

Niðurstöðurnar eru í formi greiningar á því hver séu megin atriði nýrra viðmiða og hvaða áhrif nýjar kröfur í farvatninu munu hafa á upplýsingagjöf stærri skipulagsheilda hér á landi í framtíðinni. Það að kynna niðurstöður þessara rannsóknarverkefna er mikilvægur liður í vinnu við innleiðingu þessara nýju viðmiða hér á landi. Einnig er þetta mikilvægt innlegg í umræðu innan háskóla um það hvernig staðið skuli að kennslu á þessu sviði, í ljósi þess hversu þverfaglegt viðfangsefnið er. Auk kynningar á niðurstöðum verður haldinn málstofa um sama efni og tímaritsgrein verður tekin saman.

Fræðilegt gildi snýr að því að samtengja akademíska þekkingaruppbyggingu innan hagfræði um mat á óefnislegum virðisþáttum við viðskiptafræði, reikningsskil og endurskoðun. Einnig að tengja þessa þekkingu við viðfangsefni sem varðar almannahag um gagnsæi í rekstri stærri skipulagsheilda, ábyrgja stjórnarhætti, innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og markmið um sjálfbæra þróun.

Lykilorð: Sjálfbærniupplýsingar, gagnsæi, stjórnarhættir, óefnislegir virðisþættir



Áskoranir og töfrar í vinnuumhverfinu

Verkefnaðið vinnuumhverfi: Áhrif á starfsfólk

Höfundur: Freyr Halldórsson

Kulnunaráskorunin: Að bæta samband starfsfólks og vinnustaðar

Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir

Einelti á vinnustað: Áhrif eftir að einstaklingur hverfur af vinnustað

Höfundar: Sigrún Eyjólfsdóttir og Ingi Rúnar Eðvaldsson

Félagslegir töfrar á vinnustaðnum – og hvernig þeir eiga undir högg að sækja

Höfundur: Viðar Halldórsson

Meðferð upplýsinga í fjarvinnu: Upplýsingaöryggi og tækifæri til framtíðar

Höfundar: Ragna Kemp Haraldsdóttir og Jóhanna Gunnlaugsdóttir

Er þörf á að endurskoða vinnulöggjöfina?

Höfundur: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson



Freyr Halldórsson, freyrh@ru.is

Verkefnamiðað vinnuumhverfi: Áhrif á starfsfólk

Rannsóknin skoðar áhrif verkefnamiðaðs vinnuumhverfis á starfsfólk með tilliti til ánægju með starfsumhverfið og hversu vel starfsfólk telur það henta sér. Sérstaklega eru skoðuð möguleg samvirkniáhrif milli innleiðingar og viðhorfs starfsfólks til verkefnamiðaðs vinnuumhverfis fyrir innleiðingu. Einnig eru skoðuð áhrif á samvinnu, samskipti og sjálfmetna frammistöðu.

Um er að ræða meginlega langsniðs vettvangsrannsókn þar sem gögnum var safnað á fjórum tímapunktum í tengslum við innleiðingu á verkefnamiðuðu vinnuumhverfi. Spurningalisti var lagður fyrir allt starfsfólk tveggja smærri skipulagsheilda, fyrir og eftir innleiðingu. Fyrsta mæling fór fram skömmu fyrir innleiðingu og svo voru þrjár síðari mælingar — einum, sex og tólf mánuðum eftir innleiðingu. Í heildina er um að ræða 152 mælipunkta sem var safnað yfir 13 mánaða tímabil.

Niðurstöður sýna að ánægja starfsfólks með starfsumhverfið sjálft eykst eftir innleiðingu en marktæk samvirkni er við viðhorf til verkefnamiðaðs vinnuumhverfis fyrir innleiðingu. Samskonar samvirkni kemur fram fyrir mat starfsfólks á því hversu vel nýja vinnuumhverfið henti því. Þegar skoðað er hvort innleiðing verkefnamiðaðs vinnuumhverfis hafi tengsl við samvinnu og samskipti starfsfólks og sjálfmetna frammistöðu þá virðast þau vera frekar takmörkuð.

Takmarkanir rannsóknarinnar snúa að því að hún nær aðeins til tveggja minni skipulagsheilda. Þar af leiðandi, þrátt fyrir ágætt svarhlutfall, er heildarfjöldi þátttakenda lítil. Þá byggja niðurstöðurnar aðeins á eigin upplifun starfsfólks af breytingunum. Aukinn fjöldi vinnustaða er að innleiða verkefnamiðað vinnuumhverfi en um er að ræða verulega breytingu sem kallar á nýja nálgun hjá starfsfólki og stjórnendum. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að leita svara við spurningum um áhrif verkefnamiðaðs vinnuumhverfis á virkni skipulagsheilda og starfsfólk þeirra. Niðurstöðurnar veita innsýn í hvaða áhrif innleiðing getur haft og geta þannig nýst skipulagsheildum sem eru að skoða að taka upp verkefnamiðað vinnuumhverfi. Rannsóknin byggir ofan á fyrri niðurstöður á þessu sviði og skoðar hvernig innleiðing verkefnamiðaðs vinnuumhverfis getur haft áhrif á starfsfólk yfir tíma. Kallað hefur verið eftir frekari rannsóknum á verkefnamiðuðu vinnuumhverfi, sér í lagi langsniðsrannsóknum. Með endurteknum mælingum á upplifun starfsfólks í gegnum innleiðingarferlið fæst skýr samanburður fyrir og eftir breytingu.

Lykilorð: Verkefnamiðað vinnuumhverfi, langsnið, viðhorf starfsfólks



Hjördís Sigursteinsdóttir, hjordis@unak.is

Kulnunaráskorunin: Að bæta samband starfsfólks og vinnustaðar

Tilgangur rannsóknarinnar er að mæla kulnun meðal starfsfólks íslenskra sveitarfélaga og tengsl kulnunar við ákveðna þætti í starfsumhverfinu, stjórnunarhætti, samskipti og líðan á vinnustað. Markmiðið er að skoða hvað það er sem stjórnendur geti gert til að draga úr neikvæðum áhrifaþáttum kulnunar í starfi og leita þannig leiða til að bæta samband starfsfólks og vinnustaðar, starfsfólki til heilla.

Megindleg aðferðarfræði var notuð en um er að ræða panel rannsókn þar sem starfsfólki 12 íslenskra sveitarfélaga er fylgt eftir. Rafrænn spurningalisti var sendur á netfang allra starfsmanna í viðkomandi sveitarfélögum á vordögum 2019 og 2021. Aðeins voru notuð svör þeirra sem svöruðu spurningalistanum í báðum fyrirlögnunum. Eftir þrjár ítrekanir höfðu 65% svarað spurningalistanum árið 2019 eða 4.144 starfsmenn. Af þessum 4.144 starfsmönnum svöruðu 1.576 spurningalistanum í annað sinn og gáfu upp kóða til að para saman gögnin, 82% konur og 18% karlar.

Niðurstöðurnar sýna að hærra hlutfall starfsfólksins mældist með alvarleg kulnunar einkenni í fyrirlögninni 2021 en 2019. Fram komu sterk tengsl milli kulnunar og vinnuálags, samskipta á vinnustaðnum, starfsánægju, löngunar til að hætta og samspils vinnu og einkalífs. Miðlungs sterk tengsl reyndust milli kulnunar og sjálfræði í starfi, félagslegs stuðnings frá yfirmanni, þróunar í starfi, hvatningu á vinnustað og upplifun á umhyggju frá yfirmanni.

Takmarkanir rannsóknar snúa að því að hún náði aðeins til 12 af 22 sveitarfélögum sem eru með 2000 íbúa eða fleiri. Rannsóknin notast við panelgögn og því verður svarhlutfall reiknað frá upprunalegu þýði og því lægra en ella. Þó er talinn styrkleiki í gögnunum. Niðurstöðurnar sýna glögg að það er ýmislegt sem stjórnendur geta gert til að draga úr líkum á kulnun í starfi og veitir rannsóknin því stjórnendum betri forsendur en ella til að stýra vinnustaðnum á farsælli hátt og skapa starfsfólki gott starfsumhverfi. Rannsóknir á kulnun í starfi hafa aukist á síðustu árum enda kulnun orðið vandamál í mörgum starfsgreinum og vinnustöðum um allan heim. Niðurstöður rannsókna sýna að kulnun tengist ýmsum þáttum í starfsumhverfinu og vinnuaðstæðum eins og auknu álagi í starfi, sjálfræði í starfi og félagslegum stuðningu og hefur áhrif á starfsgetu og starfsánægju starfsfólks. Þessi rannsókn veitir nýja þekkingu á því hvernig ákveðnir þættir í starfsumhverfi starfsfólks sveitarfélaga, stjórnunarhættir, samskipti og líðan á vinnustaðnum geta leitt til eða verið verndandi þættir gagnvart kulnun í starfi.

Lykilorð: Kulnun, samskipti, starfsumhverfi, stjórnunarhættir



Sigrún Eyjólfsdóttir, sie58@hi.is
Ingi Rúnar Eðvarðsson, ingire@hi.is

Einelti á vinnustað: Áhrif eftir að einstaklingur hverfur af vinnustað

Markmið rannsóknarinnar er að gera grein fyrir langtímaafleiðingum eineltis á vinnustað fyrir þann sem verður fyrir því. Gerð verður grein fyrir helstu afleiðingum eineltis og hvernig einstaklingar upplifa þær.

Aðferðin sem notuð var við gerð þessarar rannsóknar var eigindleg rannsóknarðferð sem þykir góð aðferð til að varpa ljósi á upplifun, tilfinningar og fyrri reynslur fólks og gaf hér gott sjónarhorn á viðfangsefnið. Tekin voru viðtöl við sjö einstaklinga, fimm konur og tvo karla, sem allir höfðu upplifað einelti á vinnustað í sex mánuði eða lengur og gátu gefið ríka innsýn í þær afleiðingar sem eineltið hafði á líf þeirra til lengri tíma.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að allir viðmælendur upplifðu langtímaafleiðingar af einelti á vinnustað, svo sem kvíða, þunglyndi og áfallastreitu. Allir viðmælendur misstu starf sitt og fannst vegið að orðspori sínu sem gat leitt til langvarandi atvinnuleysis og mikillar óvissu. Þeir sem treystu sér aftur á vinnumarkað töldu sig ekki geta sinnt fullu starfi nema með miklum sveigjanleika og þrír voru komir á örorkulífeyrir. Tveir viðmælenda þurftu að leita sér aðstoðar á bráðamóttöku geðdeildar. Niðurstöður sýna þannig að langtímaafleiðingar geta verið andlegar, líkamlegar og fjárhagslegar en jafnframt að einstaklingar fari í gegnum sorgarferli þar sem líf viðmælenda gjörbreyttist frá því sem áður var eftir að hafa tilkynnt um einelti á vinnustað.

Þar sem um er að ræða eigindlega rannsókn þá er vafasamt að alhæfa niðurstöður yfir á alla þá sem upplifa einelti. Þar sem viðmælendur voru ekki valdir af handahófi geta niðurstöður verið skekktar. Þessi kafli hefur hagnýtt gildi fyrir stjórnendur á vinnustað, stofnanir eins og VIRK, Vinnumálastofnun og Vinnueftirlitið en einnig sem stefnumótun opinberra aðila í þessum málaflokki. Það eru til fáar rannsóknir um einelti á vinnustað á íslenskum vinnumarkaði og þær snúa aðallega að tíðni eineltis og afleiðingum en skoða þarf sérstaklega þær langtímaafleiðingar sem eineltið getur haft á þolanda. Vísindalegt framlag er að varpa ljósi á viðfangsefni sem lítið hefur verið fjallað um í alþjóðlegu- og innlendu samhengi.

Lykilorð: Einelti á vinnustað, langtímaáhrif, eigindleg rannsókn



Viðar Halldórsson, vidarh@hi.is

Félagslegir töfrar á vinnustaðnum - og hvernig þeir eiga undir högg að sækja

Félagslegum þáttum hversdagslífsins er sjaldan gefið það vægi sem þeir eiga skilið. Ein ástæða þess er órðæðni þess félagslega sem hefur ekki hlutlæga tilvist heldur virkar öllu frekar sem ósýnilegt afl sem hefur fjölbreytt áhrif á einstaklinga og hópa. Við lítum því gjarnan á félagslegan veruleika okkar sem gefinn, og gefum honum því ekki sérstakan gaum. Félagslegur veruleiki okkar getur þannig orðið útundan við umfangsmiklar breytingar á skipulagi og högum umhverfis okkar. Í þessu erindi er dregið fram mikilvægi þessa félagslega veruleika vinnunnar og þær ógnir sem hann stendur frammi fyrir.

Erindið er byggt á greiningu á nýju hugtaki sem höfundur kallar félagslega töfra (e. social magic). Sett er fram skilgreining á hugtakinu og færð rök fyrir mikilvægi félagslegra töfra á vinnustaðnum, sem og hvernig félagslegum töfrum á vinnustaðnum er ógnað af tæknibyltingunni í kjölfar Covid faraldursins.

Niðurstöðurnar sýna að Covid faraldurinn hafði mikil áhrif á innleiðingu samskiptatækni í daglegu lífi vestrænna samfélaga, þar sem tæknin var tekin inn í meiri mæli en áður hefur þekkt. Þetta á sérstaklega við á vinnustöðum. Netfundir, vinna að heiman, aukin sjálfvirkni (e. automation), sem og almenn nýting samskiptatækni er sífellt að ryðja sér til frekar rúms í kjölfar Covid faraldursins. Erindið fjallar um hvernig tæknivæðing vinnustaða dregur úr tækifærum starfsfólks til að upplifa félagslega töfra, byggja upp félagsauð og samofið samfélag, og dregur þannig úr tækifærum og gildi vinnunnar.

Erindið byggir ekki empírískri rannsókn en það hefur gildi fyrir þá sem hafa áhuga á liðssamvinnu, liðsvirkni og samskiptum yfir höfuð. Þá kynnir höfundur nýtt félagsfræðilegt hugtak sem getur hjálpað samfélaginu að átta sig á gildi félagslegs samneytis.

Lykilorð: Félagslegir töfrar, tæknivæðingin, samfélag, auglitis-til-auglitis samskipti, uppspretta, óbein þekking, félagsauður



Ragna Kemp Haraldsdóttir, rh@hi.is
Jóhanna Gunnlaugsdóttir, jg@hi.is

Meðferð upplýsinga í fjarvinnu: Upplýsingaöryggi og tækifæri til framtíðar

Meðferð og skipulag upplýsinga hefur tekið umtalsverðum breytingum í kjölfar aukinnar fjarvinnu og stafvæðingar, ekki síst þegar um fordæmalausar aðstæður er að ræða. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvaða áhrif þessir þættir hefðu á aðgengi og öryggi upplýsinga.

Stuðst var við blandaða aðferðafræði. Í meginhluta hluta var unnið með íslenskar niðurstöður fjölþjóðlegrar spurningakönnunar frá maí og júní 2022. Stuðst var við lýsandi tölfræði auk innihaldsgreiningar. Eigindleg gögn samanstanda af 32 viðtölum við skjalastjóra, mannauðsstjóra, æðstu stjórnendur og almennt starfsfólk sem fóru fram 2016-2018 og 2020-2022. Einnig var orðræðugreiningu beitt á fyrirliggjandi efni úr fjölmiðlum.

Niðurstöður voru að upplýsingaöryggi var óbótavant hjá flestum skipulagsheildanna. Meginhluti þeirra hafði hvorki sett sér stefnu né verklagsreglur um aðgengi að skjölum í fjarvinnu. Þá kom fram að fæstar skipulagsheildanna höfðu markvisst eftirlit með vistun upplýsinga/skjala. Algengara var að upplýsingar glötuðust við fjarvinnu fremur en á skrifstofum. Niðurstöður spurningakönnunar sýndu að lítill hluti svarenda hafði reynslu af fjarvinnu fyrir heimsfaraldur. Þeir töldu að litlar breytingar hefðu orðið á skjalavistunarkerfum vegna fjarvinnu en töluverð aukning á notkun annarrar skýjaþjónustu. Þeim breytingum fylgdu í fæstum tilvikum leiðbeiningar eða reglur um skipulag skjalamála. Þó töldu flestir svarendanna að gæði skjalastjórnar hafi ekki breyst í fjarvinnu.

Könnunin náði til sérfræðinga á sviði upplýsinga- og skjalamála sem störfuðu í flestum tilvikum hjá opinberum aðilum sem kann að takmarka niðurstöður. Á hinn bóginn var unnið með fjölþættar rannsóknaraðferðir, svo sem viðtöl við viðmælandur frá hinu opinbera sem og einkageiranum sem vega upp á móti mögulegum takmörkunum og auka trúverðugleika niðurstaðna. Niðurstöður gætu haft hagnýtt gildi fyrir stefnumótun og aðgerðaáætlun skipulagsheilda hvað vinnulag með upplýsingar í fjarvinnu varðar og verið leiðbeinandi við að bæta öryggi nauðsynlegra skjala og um leið stuðlað að réttmættu aðgengi starfsfólks að þeim í samræmi við ytri og innri kröfur til starfseminnar. Rannsóknin varpar ljósi á dagleg störf í fjarvinnu og nýtist sem grunnur að frekari rannsóknum á sviði fjarvinnu og upplýsingastjórnunar.

Lykilorð: Fjarvinna, upplýsingastjórnun, upplýsingaöryggi, stafræn þróun



Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, gylfidal@hi.is

Er þörf á að endurskoða vinnulöggjöfina?

Lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 (vinnulöggjöfin), var lögtekin árið 1938. Helsta markmið vinnulöggjafarinnar er að tryggja vinnufrið í landinu og þau eiga að tryggja að vegna árekstra sem kunna að skapast á milli aðila vinnumarkaðarins hljótist sem minnst tjón fyrir atvinnulífið í landinu. Vinnulöggjöfin skapar ramma fyrir samskipta- og leikreglur á íslenskum vinnumarkaði. Frá því að vinnulöggjöfin tók gildi hefur íslenskur vinnumarkaður breyst mikið. Á hinum opinbera vinnumarkaði gilda lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í þessari rannsókn er greint frá þeim breytingum sem þarf að gera á vinnulöggjöfinni, til að hún, í ljósi breyttra samskipta á vinnumarkaði þjóni tilgangi sínum og mikilvægi þess að hafa eina heildstæða löggjöf fyrir allan vinnumarkaðinn.

Í rannsókninni er gerð ítarleg greining á núverandi lögum, l. nr. 80/1938 og l.nr. 94/1986, og þau borin saman, dregin fram munur á þessum tveimur lagabálkum og greint frá því hvað þurfi að samræma.

Niðurstöðurnar sýna að samræma þarf lagareglur um boðun verkfalla á hinum almenna og opinbera vinnumarkaði. Breyta þarf orðalagi sem að mörgu leyti er barn síns tíma t.d. er talað um „verkamenn“ og „verkafólk“ í lögnum. Samræma þarf verkbannsrétt milli vinnumarkaða og frest til verkfallsboðunar, hann er 7 sólarhringar á almennum vinnumarkaði og 15 sólarhringar á opinberum vinnumarkaði. Samræma þarf reglur um atkvæðagreiðslur um verkföll á milli vinnumarkaða og veita opinberum starfsmönnum heimild til að fresta boðuðu verkfalli líkt og heimilt er á almennum vinnumarkaði. Breyta þarf lagaheimildum um embætti ríkissáttasemjara og veita honum heimild til að fresta vinnustöðvun. Skerpa þarf á vinnulagi við gerð viðræðuáætlana í aðdraganda kjarasamninga og taka þarf upp sérlög um sáttastörf í vinnudeilum þar sem opna þarf fyrir leið gerðardóma í langvinnum vinnudeilum. Takmarka þarf rétt fámennra hópa að stöðva starfsemi stórra atvinnugreina. Tryggja þarf að kjarasamningur taki við af kjarasamningi.

Hér er um samanburðargreiningu á tveimur grunnlagabálkum að ræða, vinnulöggjöf sem snýr bæði að hinum almenna vinnumarkaði og opinberum vinnumarkaði. Ekki er gerð greining á verkfallstíðni á þessum vinnumörkuðum. Rannsóknin dregur fram þá þætti sem þarf að huga að varðandi breytingu á vinnulöggjöfinni svo hún geti sinnt meginmarkaði sínu, að tryggja vinnufrið. Niðurstöður sýna að nokkur munur á l.nr.80/1938 og l.nr. 94/1986 og samræming á milli laganna er mikilvæg.

Lykilorð: Vinnulöggjöf, samskipti á vinnumarkaði, verkföll



Klasar og nýsköpun

Skuggahliðar einkaleyfa

Höfundar: Gunnar Óskarsson og Guðjón Helgi Egilsson

Vaxtarsamningar og klasatengt starf

Höfundar: Runólfur Smári Steinþórsson og Harpa Dís Jónsdóttir

Smáklasar og frumkvöðlastarf í ferðaþjónustu: Hlutverk tengslaneta á viðsjárverðum tímum

Höfundar: Ingibjörg Sigurðardóttir og Runólfur Smári Steinþórsson



Gunnar Óskarsson, gunnaros@hi.is
Guðjón Helgi Egilsson, ghe@hi.is

Skuggahliðar einkaleyfa

Þeim sjónarmiðum hefur verið varpað fram að einkaleyfisvernd geti takmarkað aðgengi að nýsköpun og þannig valdið því að færri en þurfa geti notið þess ávinnings sem hún kynni að leiða af sér. Einkaleyfi geta þó leitt til aukinnar fjárfestingar í nýsköpun og þannig stuðlað að nýtingu vísindalegrar þekkingar til aukinna hagsbóta fyrir samfélagið. Regluverk fyrir einkaleyfi er flókið og þeir sem sækja um þurfa að gæta vel að þeim leikreglum sem um þau gilda. Það er því áhugavert að fá innsýn í helstu þætti sem takmarkað geta öflun og nýtingu einkaleyfa og mögulegar skuggahliðar þeirra. Í þessari rannsókn verður rýnt í fyrirbyggjandi þekkingu um einkaleyfi og umsóknarferli þeirra með það að markmiði að varpa ljósi á helstu þætti sem geta takmarkað nýtingu þeirra og þannig komið í veg fyrir þá hagsæld sem nýsköpunin getur leitt af sér.

Rannsóknin var unnin með kerfisbundinni fræðilegri greiningu þar sem rýnt var í fyrirbyggjandi þekkingu á grundvelli leitarskilyrða sem þróuð voru til að finna fræðigreinar sem svarað gætu rannsóknarspurningunni. Leitast var við að beita sjálfvirkum og fljótvirkum aðferðum sem uppfylltu vönduð vinnubrögð. Leitað var að greinum í gagnaveitunni Web of Science, en hún inniheldur yfir 9.000 tímarit og býður uppá aðgengilega aðferð til að sía út greinar sem mikið hafði verið vitnað í. Jafnframt var leitin takmörkuð við gæðagreinar með að lágmarki tilteknum fjölda tilvísana og greinar sem birtar höfðu verið í tímaritum sem voru áhrifarík samkvæmt Scimago (SJR).

Niðurstöðurnar varpa ljósi á marga þætti sem hafa áhrif á nýtingu einkaleyfa. Meðal tveggja helstu skuggahliða eru annars vegar hættan á að upplýsingar er varða uppfinninguna leki út of snemma og komi þannig í veg fyrir að afurðin komist í notkun og hins vegar að fjárfestar takmarki nýjungina einungis við sinn eigin rekstur og komi þannig í veg fyrir að aðrir sem hagsmuni hafi geti notið ávinningsins.

Takmarkanir snúa að því að rannsóknin byggir einungis á greinum í gagnagrunninum Web of Science og tekur hún því ekki til þeirra greina sem ekki er að finna þar, en eru aðgengilegar í öðrum gagnagrunnum. Rannsóknin dregur hinsvegar fram mikilvæga þætti sem frumkvöðlar og aðrir sem koma að stjórnun nýsköpunar gætu haft í huga. Einnig dregur rannsóknin saman og varpar ljósi á mikilvæga þekkingu um einkaleyfi byggt á gæðagreinum sem birtar hafa verið í viðurkenndum ritrýndum tímaritum.

Lykilorð: Einkaleyfi, nýsköpun, nýting þekkingar



Runólfur Smári Steinþórsson, rsmari@hi.is
Harpa Dís Jónsdóttir, harpadis@hi.is

Vaxtarsamningar og klasatengt starf

Fjallað er um rannsókn á vaxtarsamningum og klasastarfi sem var tengt vaxtarsamningum. Stjórnvöld á Íslandi gerðu vaxtarsamninga við landshluta á Íslandi á árunum 2004 – 2015 til að ýta undir atvinnuþróun og vöxt á viðkomandi svæðum. Í vaxtarsamningunum var lögð sérstök áhersla á klasastarf. Tilgangur rannsóknarinnar var að varpa ljósi á það að hvaða marki vaxtarsamningarnir voru tengdir upphafi og framvindu formlegs klasastarfs á Íslandi.

Rannsóknin byggir að stórum hluta á öflun og greiningu á fyrirliggjandi gögnum. Einnig voru tekin viðtöl við marga aðila sem komu að gerð og framkvæmd vaxtarsamninga. Viðmælendur komu bæði frá stjórnvöldum (miðlægt) og frá landshlutum. Takmarkanir rannsóknarinnar snúa að því að aðeins var rætt við lítinn hluta þeirra fjölmörgu aðila sem komu að gerð og framkvæmd vaxtarsamninga. Einnig var að hluta til torsótt að fá gögn.

Rannsókn á fyrirliggjandi gögnum og viðtöl leiddu í ljós að vaxtarsamningar ýttu undir að stofnað væri til formlegs klasastarfs en einnig var um hvata til óformlegs starfs. Áherslur vaxtarsamninga voru víðtækar en engu að síður var mikil áhersla á hvata til eflingar á klösum og klasastarfi á Íslandi.

Hagnýtt gildi rannsóknarinnar er að ljósi er varpað á það hvernig klasastarfi var hrint af stað á Íslandi og bent er á atriði sem gefa innsýn í starfið við íslenskar aðstæður. Einnig gefur rannsóknin til kynna að það hafi vantað upp á skilning á því hvað klasi og klasastarf er. Umfjöllun um þessi hugtök auðveldar að ná utan um þessi viðfangsefni og sjá þau í hagnýtu samhengi.

Mikilvægi klasa og klasastarfs í tengslum við þróun efnahagslífs og samfélags hefur á liðnum árum og áratugum verið staðfest í rannsóknum víðsvegar um heiminn. Hérlandis hefur ekki verið mikið fjallað um þessi fræði og rannsóknir af skornum skammti. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á það hvernig klasastarf hófst hér á landi og hvað varð til þess að vaxtarsamningar stjórnvalda við landshluta urðu farvegurinn. Þar sem Ísland er lítið land og fámennt eyríki þá eru aðstæður hér öðruvísi en hjá milljónaþjóðum. Rannsókn á klasastarfi við slíkar aðstæður gerir mögulegt að draga fram hvað er líkt og ólíkt í fræðunum og raunveruleikanum og eftir atvikum leggja til fræðanna.

Lykilorð: Klasar, vaxtarsamningar, formlegt klasastarf



Ingibjörg Sigurðardóttir, inga@holar.is
Runólfur Smári Steinþórsson, rsmari@hi.is

Smáklasar og frumkvöðlastarf í ferðaþjónustu: Hlutverk tengslaneta á viðsjárverðum tímum

Erindi þetta miðar að því að auka þekkingu á hugmyndafræði og kenningum um smáklasa (e. micro-cluster). Smáklasakenningar eru nýjar af nálinni innan klasafræða. Fjallað er um sérstöðu smáklasa og hvernig þessi hugmyndafræði nýtist til eflingar á frumkvöðlastarfi og samkeppnishæfni í ferðaþjónustu. Fókusinn er á smærri frumkvöðla í ferðaþjónustu í dreifbýli (e. rural tourism) og samkeppnishæfni þeirra í gegnum samstarf, tengsl við önnur lykilfyrirtæki í greininni og við tengd fyrirtæki í nágrenninu.

Rannsóknin byggir á eigindlegum gögnum, til dæmis hálfopnum viðtölum við rekstraraðila í ferðaþjónustu og fyrri greiningum höfunda á klösum og tengslanetum, meðal annars í ferðaþjónustu. Í rannsókninni er lögð áhersla á að nýta kenningar um klasa og tengslanet til að greina mikilvægi þátta eins og nærsamfélagsins, sérhæfingar og virðis fyrir þróun tengslaneta í ferðaþjónustu í dreifbýli.

Frumniðurstöður benda til að smáklasar geti stutt við samkeppnishæfni og seiglu fyrirtækja og atvinnugreina í dreifbýli á viðsjárverðum tímum. Einnig benda niðurstöður eindregið til að mikilvægt sé að greina enn frekar hið flókna eðli smáklasa og annarra tengslaneta í ferðaþjónustu í dreifbýli.

Takmarkanir rannsóknar felast meðal annars í takmörkuðu aðgengi að upplýsingum og gögnum sem og að rannsóknir á slíkum tengslanetum eru skammt á veg komnar. Í því felst þó að nýnæmi rannsóknarinnar er meira en ella. Hugmyndafræði um smáklasa nýtist sérstaklega vel fyrir frumkvöðla og atvinnugreinar í dreifbýli þar sem einkum eru lítil fyrirtæki. Í gegnum hugmyndafræði smáklasa opnast nýtt sjónarhorn á styrkleika og tækifæri í rekstri smárra ferðaþjónustufyrirtækja á landsbyggðinni. Því er frekari greining á hugmyndafræðinni mikilvæg fyrir ferðaþjónustu sem atvinnugrein. Margt er enn órannsakað varðandi virkni og eðli smáklasasamstarfs, ekki síst á sviði ferðaþjónustu. Smáklasahugtakið dregur fram tiltölulega nýtt sjónarhorn á eldri og þekktari kenningar um klasa og tengslanet. Þannig skapar smáklasahugsunin tækifæri til að horfa á atvinnugreinar í öðru ljósi en hingað til hefur verið gert og til að víkka út umfjöllun um hefðbundnari klasafræði.

Lykilorð: smáklasar, tengslanet, virði, samskeppnihæfni



Runólfur Smári Steinþórsson, rsmari@hi.is

Einkenni og umfang á starfsemi frumkvöðlasetra á Íslandi 1999-2020

Fyrsta viðskiptamiðaða frumkvöðlasetrið á Íslandi var stofnað árið 1999 af Iðntæknistofnun Íslands. Nýsköpunarmiðstöð Íslands tók við rekstrinum árið 2007. Þegar miðstöðin var lögð niður í lok ársins 2020 hafði hún komið að stofnun eða rekstri yfir 20 frumkvöðlasetra. Tilgangur umfjöllunarinnar er að draga lærdóm af því starfi tengdu frumkvöðlasetrum sem Nýsköpunarmiðstöðin var í forystu fyrir og miðla því hver helstu einkenni og ávinningur af starfinu voru.

Við rannsóknina, sem gerð var haustið 2020, var byggt á öflun og greiningu á fyrirliggjandi gögnum. Jafnframt var unnið úr viðtölum við aðila tengda frumkvöðlasetrum, bæði utan og innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Viðtöl voru afrituð, kóðuð og þemu voru sett fram.

Saga frumkvöðlasetra sem tengdust starfi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands spannar 21 ár, þ.e. frá 1999 til 2020. Frumkvöðlasetrin sem tilgreind eru í rannsókninni voru 21 talsins. Rekstur frumkvöðlasetra var um allt land en umfangsmesta starfið var á höfuðborgarsvæðinu. Rannsókn á þessum setrum leiddi í ljós að þau mátti flokka í fjóra flokka og þessir flokkar voru um margt mismunandi. Um er að ræða sérhæfð setur, setur tengd bankahrúni, setur sem fengu þjónustu frá Nýsköpunarmiðstöð og setur sem voru starfandi á landsbyggðinni. Rannsóknin dregur fram helstu einkennin á starfi frumkvöðlasetranna sem rannsóknin tók til. Niðurstöður gefa vísendingar um áherslur í þjónustu setranna og helstu einkennin á starfsemi þeirra.

Takmarkanir rannsóknarinnar snúa að því að byggt var á fyrirliggjandi gögnum, s.s. skýrslum, ársritum og kynningarefni, sem tími gafst til að finna. Einnig var fjöldi viðmælenda takmarkaður við sjö aðila. Rannsóknin var þess vegna skilgreind sem lýsandi könnunarrannsókn og sem fyrsta skrefið í að afla þekkingar á frumkvöðlasetrum á Íslandi.

Rannsóknin varpar ljósi á hvað einkennir starfsemi frumkvöðlasetra í umhverfi eins og á Íslandi. Niðurstöður gætu nýst stjórnendum og stjórnvöldum. Niðurstöðurnar eru innlegg til þekkingar á því sem helst hefur einkennt starfsemi frumkvöðlasetra á Íslandi á síðustu 20 árum. Reynslan á Íslandi er sett í samhengi við fræðilegar rannsóknir á frumkvöðlasetrum sem gerir það mögulegt að sjá reynsluna frá Íslandi í stærra samhengi.

Lykilorð: Frumkvöðlasetur, þjónusta, starfseinkenni, frumkvöðlar



Tækifæri kynja til stjórnunarstarfa

Konur eru einungis 5% forstjóra skráðra félaga á heimsvísu

Höfundur: Ásta Dís Óladóttir

Svo öflugur að ekki var tilefni til að auglýsa starfið

Höfundur: Þóra H Christiansen

Hvers konar forystuhæfni er leitað að við ráðningar forstjóra skráðra félaga?

Höfundur: Sigrún Gunnarsdóttir

Vegurinn er grýttur: Upplifun stjórnarkvenna á hindrunum sem koma í veg fyrir

að konur gegni forstjórastöðum

Höfundur: Dr. Erla S. Kristjánsdóttir



Ásta Dís Óladóttir, astadis@hi.is

Konur eru einungis 5% forstjóra skráðra félaga á heimsvísu

Tilgangur rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hvaða leiðir eru mögulegar til að jafna tækifæri kynjanna til stjórnunarstarfa. Á heimsvísu eru konur 5% allra forstjóra skráðra félaga en hér á landi eru þær 13.6%. Sjónum er beint að upplifun stjórnarkvenna í skráðum félögum af því hvaða leiðir eru færar til að breyta stöðunni og auka möguleikann á því að kynin hafi jöfn tækifæri til stjórnunarstarfa.

Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn um reynslu stjórnarkvenna af ráðningum forstjóra skráðra félaga. Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við 22 konur í stjórnnum allra skráðra félaga hér á landi. Notuð var aðferð grundaðrar kenningar til að skoða reynslu þeirra út frá rannsóknarspurningunni: hvaða leiðir er hægt að fara til að jafna tækifæri kynjanna til að gegna stjórnunarstöðum?

Niðurstöðurnar sýna að meðal ákjósanlegra lausna er að setja lög um kynjakvóta meðal framkvæmdastjórna félaga, hjá þeim félögum sem nú þegar falla undir lög um kynjakvóta á stjórnir þeirra. Önnur leið er að stjórnir innleiði markvissa jafnréttisstefnu innan fyrirtækja og þriðja leiðin er að leiðandi fagfjárfestar, svo sem lífeyrissjóðir, innleiði jafnréttisstefnu sem hluta af eigendastefnu sinni.

Veikleiki rannsóknarinnar er takmarkaður fjöldi viðmælenda og því ekki hægt að alhæfa um niðurstöðurnar. Einungis var rætt við kvenkyns stjórnarmenn þar sem fyrri rannsóknir benda á mikilvægi þess að kanna reynslu kvenna sem eiga sæti við stjórnarborðið. Konur eru 13,6% forstjóra í skráðum félögum á Íslandi og 5% á heimsvísu. Í niðurstöðunum felast tillögur til hagaðila um það hvaða leiðir væri mögulega hægt að fara til þess að veita kynjunum jöfn tækifæri til stjórnunarstarfa. Niðurstöður rannsóknarinnar eru framlag til þekkingar um hvaða leiðir eru færar til þess að breyta stöðunni, ekki bara hér á landi heldur á þetta einnig við í öðrum löndum og sér í lagi þar sem sett hafa verið kynjakvótalög á stjórnir félaga.

Lykilorð: Jafnréttisstefna, kynjakvótalög, skráð félög, æðstu stjórnendur



Bóra H. Christiansen, thc@hi.is

Svo öflugur að ekki var tilefni til að auglýsa starfið

Fram hefur komið gagnrýni á ráðningarferli í forstjórastöður og þá sérstaklega á að of lítið sé um að stöðurnar séu auglýstar. Markmið rannsóknarinnar er að fá innsýn í reynslu og viðhorf þeirra kvenna sem sitja í stjórnnum skráðra félaga og hafa tekið þátt í ráðningarferlum forstjóra af þætti auglýsinga í ferlinu.

Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn um reynslu stjórnarkvenna af ráðningum forstjóra skráðra félaga. Í rannsókninni voru tekin viðtöl við stjórnarkonur allra skráðra félaga, 22 talsins. Viðtölin voru greind samkvæmt aðferðafræði grundaðrar kenningar.

Þemagreining leiddi í ljós þrjú þemu: Upplifun kvennana af auknum fjölbreytileika, þ.e. opnara ferli og að laða að umsækjendur sem ekki eru á radar stjórnarmeðlima, við að auglýsa forstjórastöður. Einnig kom fram áhersla þeirra á viljann til að sýna samfélagslega ábyrgð í verki og heilindi í ákvörðunum um auglýsingar. Loks komu fram efasemdir um auglýsingar vegna áhættu og viðkvæmrar stöðu félaganna og lýstu viðmælendur efasemdum um aðkomu ráðningarstofa.

Takmarkanir rannsóknarinnar snúa að því að niðurstöðurnar endurspeglu einungis viðhorf og upplifun þess hóps kvenna sem rætt var við og er ekki ætlað að lýsa viðhorfum og upplifun annara kvenna eða annara stjórnarmeðlima. Hagnýtt gildi er að niðurstöðurnar benda til að huga þurfi sérstaklega að ýmsu í ráðningarferlum forstjóra, svo sem ákvörðunum um auglýsingu starfa og aðkomu ráðningarstofa. Reynsla viðmælenda undirstrikaði mikilvægan þátt auglýsinga í að auka fjölbreytileika og varpaði ljósi á takmarkandi þætti. Niðurstöðurnar dýpka skilning á reynslu þeirra kvenna sem sitja í stjórnnum og taka ákvarðanir í ráðningarferlum forstjóra. Þó hlutur auglýsinga- og ráðningarstofa í ráðningarferlum hafi mikið verið rannsakaður eru afar fáar rannsóknir til sem lýsa viðhorfum og upplifunum stjórnarkvenna sem tekið hafa þátt í ráðningarferlinu.

Lykilorð: Auglýsing starfa, forstjóraráðningar, stjórnarkonur, ráðningarstofur, skráð félög



Sigrún Gunnarsdóttir, sigrungu@hi.is

Hvers konar forystuhæfni er leitað að við ráðningar forstjóra skráðra félaga?

Tilgangur rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hvers konar forystuhæfni er leitað að við ráðningar forstjóra skráðra félaga hér á landi. Sjónum er beint að upplifun stjórnarkvenna á mati á forystuhæfni kvenna til þess að gegna forstjórastöðum og af áhrifum tengslanets og stuðningi við konur í þessu sambandi.

Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn um reynslu stjórnarkvenna af ráðningum forstjóra skráðra félaga. Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við 22 konur í stjórnnum allra skráðra félaga hér á landi með aðferð grundaðrar kenningar til að skoða reynslu þeirra út frá rannsóknarspurningunni: Hver er reynsla stjórnarkvenna í skráðum félögum af því hvað hefur áhrif á mat á hæfni kvenna til að gegna starfi forstjóra í skráðu félagi?

Niðurstöður sýna að konur eru taldar hæfar til forstjórastöðu en áhrif karla, tengslanet og staðalímyndir af forystuhæfni og árangursríkri forystu virðast ráða ákvörðunum. Niðurstöður gefa til kynna að kröfur til forystuhæfni kvenna við ráðningar forstjóra séu ekki í takt við nýja þekkingu um árangursríka forystu sem byggir á jafnvægi faglegrar staðfestu og hófstilltrar framgöngu sem eflir árangursrík samskipti, samvinnu, samstöðu og árangur. Með því að byggja á gömlum staðalímyndum er líklegt að horft sé framhjá hæfum einstaklingum til að leiða fyrirtækin til árangurs.

Veikleiki rannsóknarinnar er takmarkaður fjöldi viðmælenda og því ekki hægt að alhæfa um niðurstöðurnar. Einungis var rætt við kvenkyns stjórnarmenn þar sem fyrri rannsóknir benda á mikilvægi þess að kanna reynslu kvenna við stjórnarborðið. Í niðurstöðunum felast skilaboð um tækifæri fyrir stjórnir skráðra félaga til þess að auka gæði ráðninga forstjóra og jafna kynjamun með auknum fjölbreytileika og með því að miða ráðningarnar við árangursríka hæfni til forystu. Niðurstöður rannsóknarinnar eru framlag til þekkingar um hvers konar forystuhæfni er mikilvæg við ráðningar í æðstu stjórnunarstöðum með innsýn í reynslu stjórnarkvenna hér um. Fram koma vísbendingar um að við ráðningarnar sé ekki byggt á nýrri þekkingu um árangursríka forystu sem ekki hefur komið fram áður svo vitað sé.

Lykilorð: Árangursrík forysta, skráð félög, stjórnir, konur



Dr. Erla S. Kristjánsdóttir, esk@hi.is

Vegurinn er grýttur: Upplifun stjórnarkvenna á hindrunum sem koma í veg fyrir að konur gegni forstjórastöðum

Margt hefur áunnist í jafnréttismálum á Íslandi og ýmislegt verið gert til að jafna stöðu kynjanna. Helstu áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir er ójafnvægi kynjanna í æðstu stöðum. Það er útbreidd skoðun að ástæðan fyrir því hversu fáar konur eru í topp stjórnunarstöðum sé vegna skorts á framboði og að hindranirnar liggi hjá konunum sjálfum. Enn fremur halda margir því fram að metnaður kvenna sé ekki nógu mikill og að áherslur þeirra séu aðrar en hjá körlunum. Ekki eru allir sammála þessum rökum. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða upplifun og sýn stjórnarkvenna í skráðum félögum á Íslandi á hindrunum sem koma í veg fyrir að konur gegni æðstu stjórnunarstöðum.

Fyrirbærafræðileg nálgun er viðeigandi en hún leggur grunn að kjarna upplifunar á ákveðnu fyrirbæri. Leitast er við að fá lýsingar stjórnarkvenna í skráðum félögum af upplifun þeirra af hindrunum kvenna á leið forstjórastöðu. Tekin voru viðtöl við 22 konur sem sitja í stjórnnum allra skráðra félaga á Íslandi og notast var við fyrirbærafræðilega aðferðafræði við vinnslu og greiningu gagna. Skilyrði til að taka þátt er að þátttakendur rannsóknar hafi upplifað fyrirbærið sem verið er að rannsaka og geti deilt reynslunni með rannsakendum.

Byrjunarniðurstöður rannsóknar sýna fram á að þrátt fyrir aukna áherslu á jafnrétti kynjanna í íslensku atvinnulífi upplifa konur enn margvíslegar hindranir sem koma í veg fyrir að konur hljóti brautargengi í forstjórastöður. Fram kom fjöldinn allur af hindrunum sem hafa komið fram í fyrri rannsóknum eins og ráðingarferlið, tengslanet, fjölskylduábyrgð, kjarkleysi, ótti við að mæla með konum, reynsluleysi, skortur á gagnsæi, að það sé áhætta að ráða konur og að konum sé ekki treyst og mörg fleiri.

Takmarkanir rannsóknarinnar snúa að því að hún byggir á 22 viðtölum við helming kvenna sem sitja í stjórnnum allra skráðra félaga á Íslandi. Þar af leiðandi er ekki hægt að alhæfa um upplifun annarra kvenna í stjórnnum né annara stjórnarmanna. Niðurstöður rannsóknar benda á hindranir sem koma í veg fyrir að konur fái framgang í starfi. Framlag þessarar rannsóknar varpar ljósi á reynslu og upplifun stjórnarkvenna sem hlotið hafa mikillar velgengni og bætir við fyrri rannsóknum og fræði um hindranir sem koma í veg fyrir að konur verði ráðnar í starf forstjóra í skráðu félagi.

Lykilorð: Stjórnarkonur, hindranir, forstjórastöður, skráð félög



Stefnur og straumar í markaðsfræði

Fisk á þeirra disk: Fiskneysla barna á grunnskólaaldri

Höfundur: Auður Hermannsdóttir

Mikilvægi staðsetningar, verðs og gæða við val á matvöruverslunum

Höfundur: Þórhallur Örn Guðlaugsson

Hefur umhverfisstefna fatavörumerkja áhrif á vörumerkjavirði þeirra?

Höfundar: Rakel Jónsdóttir og Brynjar Þór Þorsteinsson

Stafræn umbreyting íslenskra fatafyrirtækja

Höfundar: Brynjar Þór Þorsteinsson, Einar Svansson og Dóróthea Jóhannsdóttir



Auður Hermannsdóttir, audurhermannsdottir@hi.is

Fisk á þeirra disk: Fiskneysla barna á grunnskólaaldri

Fiskneysla hefur í gegnum aldirnar verið mikilvægur þáttur í mataræði Íslendinga en kannanir sýna að henni sé að hnigna meðal yngri kynslóða. Í ljósi þeirra jákvæðu áhrifa sem fiskneysla hefur á bæði líkamlega og andlega heilsu er minnkandi fiskneysla meðal ungs fólks áhyggjuefni og mikilvægt að finna leiðir til að snúa þeirri þróun við. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvaða þættir skýri fiskneyslu barna með áherslu á hvort skýringarþættir kunni að vera ólíkir eftir aldri og eftir því hvort neyslan á sér stað heima eða í skólum.

Lagskipt handahófskennt úrtak einstaklinga sem áttu börn á aldrinum 6 til 15 ára var tekið úr viðhorfahópi Gallup. Úrtakið fékk sendan tölvupóst með tenglum á tvo spurningalista; spurningalista ætluðum foreldrum (n=648) og spurningalista ætluðum börnum á aldrinum 6 til 15 ára (n=798). Til að gera börnum kleift að svara spurningalistanum án aðstoðar var sérstakt forrit hannað sem innihélt myndræna svarkosti og talgervil.

Niðurstöðurnar sýndu að börn á aldrinum 6 til 12 ára borða fisk að meðaltali tvisvar í viku eins og ráðlagt er, en börn á aldrinum 13 til 15 ára borða fisk nokkuð sjaldnar. Munurinn virðist helgast af neyslu fisks í skólamötuneytum þar sem börn í öllum aldurshópum virðast síður borða fisk þegar hann er í boði í skólamötuneytum heldur en þegar hann er á boðstólnum á heimilum. Það fordæmi sem foreldrar sýna með neyslu á fiski er sterkasti áhrifaþátturinn á það hvort börn borði fisk á heimilum. Þegar kemur að fiskneyslu í skólamötuneytum er það hins vegar viðhorf barnanna til þess að borða fisk sem er ríkjandi áhrifaþáttur. Fiskneysla vina virðist auk þess hafa nokkur áhrif á hvort börn í elsta aldurshópnum borði fisk í skólanum en vinirnir virðast ekki hafa áhrif á yngri börn.

Um sjálfsmatskvarða var að ræða sem gæti gefið skakka mynd af raunverulegri neyslu þátttakenda. Auk þess gæti reynsluleysi barna í svörum við spurningalistum dregið úr réttmæti en reynt var að sporna gegn því með notkun myndrænna svarkosta og talgervils. Rannsóknin er framlag til aukinnar þekkingar um mismunandi vægi ólíkra áhrifaþátta í ólíkum neyslutilfellum hjá börnum á breiðu aldursbili og á að varpa ljósi á fiskneyslu barna í því skyni að hanna aðgerðir til að sporna gegn hnignandi neyslu yngra fólks.

Lykilorð: Fiskneysla, börn, neysluhegðun, skólamötuneyti



Þórhallur Örn Guðlaugsson, th@hi.is

Mikilvægi staðsetningar, verðs og gæða við val á matvöruverslunum

Matvöruverslanir gegna mikilvægu hlutverki hjá almenningi og má ætla að hver fjölskylda verji umtalsverðum hluta ráðstöfunartekna í ýmiskonar dagvöru. Tilgangur þessarar rannsóknar er að meta mikilvægi staðsetningar, verðs og gæða þegar kemur að vali á matvöruverslun. Settar eru fram þrjár tilgátur; 1) staðsetning hefur meira vægi en bæði verð og gæði, 2) neytendur sem eru með lágvöruverðsverslanir efstar í huga eru verðnæmari en aðrir og 3) yngri neytendur eru verðnæmari en þeir sem eldri eru.

Byggt er á fimm meginlegum könnunum sem framkvæmdar voru að hausti 2017 ($n = 2891$), 2018 ($n = 3.184$), 2019 ($n = 3.063$), 2020 ($n = 3.117$) og 2021 ($n = 2.901$). Í öllum tilvikum var um þægindaúrtak að ræða en gögn voru vigtuð miðað við aldur og kyn þýðisins og eftir gagnahreinsun sett í einn gagnagrunn með 15.156 svörum. Til að taka afstöðu til tilgátnanna var notað t-próf (e. one-sample test), vörkort (e. perceptual mapping) og dreifigreining (ANOVA).

Niðurstöður benda til þess að ekki sé hægt að gera upp á milli mikilvægi staðsetningar og gæða en bæði þessi atriði virðast mikilvægari en lágt verð þegar kemur að vali á matvöruverslun. Tilgátu 1 er því hafnað. Þá kemur í ljós að þeir sem hafa lágvöruverðsverslanir efstar í huga virðast verðnæmari en aðrir sem og yngri aldurshópar. Tilgátur 2 og 3 eru því studdar en settur er fyrirvari um lágan áhrifastuðul á mismun eftir aldri.

Takmarkanir rannsóknarinnar snúa að því að um þægindaúrtak er að ræða sem, þrátt fyrir að leiðrétt sé fyrir kyni og aldri, getur haft skekkjur í för með sér. Þá er heldur ekki leiðrétt fyrir búsetu en vera kann að það atriði hafi áhrif á niðurstöðu þó svo að meirihluti svarenda hafi haft búsetu á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður draga fram mikilvægi markvissra markaðsaðgerða og þá sérstaklega þeirra er snúa að þörfum mismunandi markhópa með mismunandi áherslur. Niðurstöður benda til þess að þó svo að rannsóknir dragi fram mikilvægi staðsetningar fram yfir aðra þætti þegar um smásölu er að ræða þá fæst ekki stuðningur við þau sjónarmið. Ástæður fyrir þessu geta verið margvíslegar s.s. eins og að flestir svarendur búa við þau gæði að stutt er í næstu matvöruverslun.

Lykilorð: Matvörumarkaður, staðsetning, verð, gæði



Rakel Jónsdóttir, rakelj21@bifrost.is
Brynjar Þór Þorsteinsson, brynjar@bifrost.is

Hefur umhverfisstefna fatavörumerkja áhrif á vörumerkjavirði þeirra?

Tilgangur rannsóknarinnar var að prófa nýtt mælitæki vörumerkjavirðis byggt á umhverfisstefnu vörumerkja í fataiðnaði. Markmiðið var að kanna hvort umhverfisvæn skynjun fatavörumerkis hjá neytendum hafi áhrif á víddir vörumerkjavirðis þeirra annars vegar, vörumerkjavitund, ímynd, vörumerkjaþryggð, skynjuð gæði og einnig hvort viðhorf neytenda til umhverfismála hafi áhrif á þessar víddir hins vegar.

Við afmörkun rannsóknar voru tvö íslensk fatavörumerki valin sem viðfangsefni sem bæði hafa skýra umhverfisstefnu. Rannsóknarsniðið byggði á spurningakönnun (n = 191) sem lögð var fyrir haustið 2022. Notast var við hentugleikaúrtak þar sem könnun var lögð fyrir á samfélagsmiðlinum Facebook. Við tölfræðiúrvinnslu var forritið Jamovi nýtt til þess að vinna úr niðurstöðum.

Niðurstöður rannsóknar leiddu í ljós að neytendur skynjuðu bæði vörumerkin sem umhverfisvæn og var jákvæð marktæk fylgni á milli víddanna sem mælitækið byggði á. Afstaða neytenda til umhverfismála virðist skipta máli og hafði sömuleiðis jákvæð marktæk áhrif á víddir vörumerkjavirðis vörumerkjanna. Út frá niðurstöðum er því hægt að álykta að skýr umhverfisstefna vörumerkja í fataiðnaði skipti neytendum máli og því mikilvægt að hún sé gerð sýnileg í gegnum markaðssamskipti. Viðhorf neytenda til umhverfismála skiptir einnig máli en þeim sem umhugað er um umhverfisvernd virðast vera jákvæðari í garð vörumerkja sem þeir skynja sem umhverfisvæn.

Takmarkanir rannsóknar snúa helst að því að ákjósanlegt hefði verið að fá meiri og dreifðari svörun við spurningakönnuninni til að styrkja niðurstöður. Ekki er hægt að alhæfa út frá niðurstöðum og æskilegt væri að leggja könnunina fyrir aftur á önnur viðfangsefni með öðru úrtaki til að sannreyna mælitækið betur. Hagnýtt gildi snýst um hvernig skýr og sýnileg umhverfisstefna hefur jákvæð áhrif á virði fatavörumerkja að mati neytenda. Einnig hvernig viðhorf neytenda til umhverfismála hefur áhrif á virði fatavörumerkja og að markhópum þeirra sé frekar umhugað um umhverfismál. Fræðilegt framlag rannsóknarinnar snýst um þróun á nýju mælitæki sem mælir vörumerkjavirði byggt á skynjun neytenda á umhverfisstefnu fatavörumerkja og hvort viðhorf þeirra til umhverfismála hafi áhrif á vörumerkjavirði fatavörumerkja.

Lykilorð: Vörumerkjavirði, fatavörumerki, umhverfisstefna, umhverfisvæn skynjun



Brynjar Þór Þorsteinsson, brynjar@bifrost.is
Einar Svansson, einarsv@bifrost.is
Dórothea Jóhannsdóttir, dorotheaj12@gmail.com

Stafræn umbreyting íslenskra fatafyrirtækja

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða áskoranir og úrræði íslenskra fatafyrirtækja, bæði framleiðenda og söluaðila, í kjölfar heimsfaraldurs og draga fram upplifun og reynslu stjórnenda af því að takast á við stafræna umbreytingu í samkeppnisumhverfi. Markmiðið var að meta aðgerðir stjórnenda og spegla þær við það sem talið er felast í árangursríkri stafrænni umbreytingu. Þar er meðal annars bent á skýra stefnu og framtíðarsýn, traustan leiðtoga, móttækilega fyrirtækjamenningu og virka nýsköpun. Einnig var reynt að meta hvort fyrirtækin hefðu öðlast aukna færni í gegnum umbreytingarferlið, í hverju sú færni fælist helst og hvort líklegt væri að sú breyting innan fyrirtækjanna geri þau þjónustuliprari og samkeppnishæfari.

Rannsóknarsniðið byggir á viðtalsrannsókn sem framkvæmd var í ágúst-desember 2022. Viðmælendur voru átta stjórnendur átta íslenskra fyrirtækja sem starfrækja verslanir á innlendum fatamarkaði og við úrvinnslu þeirra var notast við þemagreiningu og opna kóðun.

Niðurstöður sýndu að aðgerðir stjórnenda snerust meðal annars um að benda á mikilvægi þeirrar framtíðarsýnar að einblína á viðskiptavinum til að koma til móts við breyttar þarfir, skapa umhverfi fyrir nýsköpun, eflingu starfsanda og samheldni. Viðbrögð stjórnenda samræmast því sem áhersla er oftast lögð á í fyrri rannsóknum þegar fyrirtæki takast á við stafræna umbreytingu á árangursríkan hátt. Viðmælendur töldu jafnframt að fyrirtækin hefðu öðlast aukna færni til að takast á við krefjandi ytri aðstæður og væru að veita betri þjónustu.

Helstu takmarkanir rannsóknarinnar snúast um alhæfingargildi þar sem erfitt er að staðhæfa að sambærileg niðurstaða komi fram við endurtekningu á rannsókn og endurspeglar því einungis úrtakið. Æskilegt væri að endurtaka þessa rannsókn þegar frá líður til að skoða hvort og hvernig breytingar innan fyrirtækjanna hafa orðið í raun og veru á lengra tímabili. Hagnýtar tillögur til stjórnenda eru settar fram um hvernig ætti að innleiða stafræna umbreytingu m.a. með því að efla starfsanda og nýsköpun. Bent er á hvaða aðgerðir eru líklegar til að bera árangur við krefjandi ytri aðstæður sem snerta leiðtogahæfni, menningu og nýsköpun. Rannsóknin leiddi í ljós að aðgerðir íslenskra fatafyrirtækja í stafrænu umbreytingarferli voru í samræmi við fræðilega umfjöllum. Þá benda niðurstöður rannsóknar til þess að starfsmannahópar séu samheldnari eftir COVID-19 og fyrirtækin skili betri árangri með bættri þjónustu og að faraldurinn hafi líklega bætt samkeppnisstöðu íslenskra fatafyrirtækja.

Lykilorð: Stafræn umbreyting, nýsköpun, starfsandi



Stjórnun og forysta

Leiðtogastílar í íslenskum líftæknifyrirtækjum

Höfundar: Haraldur Daði Ragnarsson og Olga Ýr Björgvinsdóttir

Hvernig getur þjónandi forysta bætt vellíðan og vinnustaðamenningu?

Höfundur: Sigrún Gunnarsdóttir

Helstu áskoranir í stjórnun sveitarfélaga á tímum COVID-19

Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir

Krísa og krísustjórnun KSÍ 2021

Höfundur: Jón Snorri Snorrason



Haraldur Daði Ragnarsson, haraldurr@bifrost.is
Olga Ýr Björgvinsdóttir, olgab19@bifrost.is

Leiðtogastílar í íslenskum líftæknifyrirtækjum

Tilgangur rannsóknarinnar var að varpa ljósi á hvað einkennir leiðtogastíla stjórnenda í íslenskum líftæknifyrirtækjum. Markmiðið var að draga fram hvernig stjórnendur upplifa sig í starfi, hvernig þeir meta sjálfa sig í stakk búna til að takast á við helstu áskoranir sem upp geta komið á vinnustað og hver þeirra bakgrunnur er. Lagt var mat á áherslatriði stjórnenda í líftæknifyrirtækjum og hvernig það samræmist kenningum um árangursríka leiðtogastíla.

Rannsóknin byggir bæði á fræðilegri umfjöllun um leiðtogastíla og árangursríka stjórnun líftæknifyrirtækja, sem felst meðal annars í tæknilegri kunnáttu, samskiptahæfni, teymisforystu, nýsköpun og stefnumótandi þekkingu. Rannsóknaraðferðin var eigindleg þar sem tekin voru hálf-opin viðtöl við átta stjórnendur innan átta líftæknifyrirtækja frá september til nóvember 2020. Í viðtölunum voru stjórnendur beðnir um að segja frá eigin leiðtogastíl, áherslum sínum og skoðunum tengdum leiðtogamennsku. Opin kóðun og þemagreining leiddi í ljós áherslur sem voru sameiginlegar í frásögnum viðmælenda.

Rannsóknin leiddi í ljós að áherslatriði stjórnenda samræmast því sem talið er að felist í árangursríkri stjórnun líftæknifyrirtækja á borð við að skapa svigrúm fyrir mistök, áherslu á teymisvinnu, jafningjabrag og virðingu, þætti sem líkjast helst kenningunni um dreifða forystu. Aftur á móti voru viðmælendur sammála um að þeir væru ekki fullir sjálfstrausts þegar reyndi á úrlausn mála og margir nefndu að veikleikar þeirra lægju í stjórnunarhlíð starfsins og vildu bæta hæfni sína á því sviði. Jafnframt bentu niðurstöður til að leiðtogastílar viðmælenda mótist fremur af starfsumhverfi fyrirtækjanna sjálfra en út frá stjórnendamenntun eða reynslu annars staðar frá.

Helstu takmarkanir rannsóknarinnar snúast um alhæfingargildi þar sem ekki er hægt að staðhæfa að sambærileg niðurstaða komi fram ef rannsóknin verður endurtekin og endurspeglar því aðeins úrtakið. Hagnýtt gildi rannsóknarinnar felst í því að benda á hagnýtar tillögur um mikilvægi þess að bæta þekkingu, menntun og hæfni hjá stjórnendum í líftæknifyrirtækjum sem hafa sérþekkingu í sínu fagi en skortir leiðtogaþjálfun. Fræðilegt gildi snýr að því að leiðtogastílar stjórnenda innan íslenskra líftæknifyrirtækja eru í samræmi við fræðilega umfjöllun. Rannsóknin benti einnig til þess að skipun stjórnenda sé að mestu leyti byggð á menntunarstigi í viðkomandi geira og að þeim skortir formlega leiðtogaþjálfun, virðist því lítil áhersla lögð á hæfni er kemur að stjórnun.

Lykilorð: Leiðtogastílar, líftæknifyrirtæki, stjórnendur, leiðtogaþjálfun



Sigrún Gunnarsdóttir sigrungu@hi.is

Hvernig getur þjónandi forysta bætt vellíðan og vinnustaðamenningu?

Tilgangur rannsóknarinnar er að varpa ljósi á stöðu þekkingar um áherslur stjórnenda og áhrifaþætti í starfsumhverfi sem skapa vellíðan. Jafnframt að varpa ljósi á hvort áherslur þjónandi forystu feli í sér sálfélagslega þætti sem bæta samskipti, vellíðan og vinnustaðamenningu samkvæmt rannsóknnum þar um.

Skoðuð var staða þekkingar og nýjar rannsóknir um áhrifaþætti í starfsumhverfi, samspil sálfélagslegra þátta og áherslur forystu sem tengjast vellíðan í starfi miðað við nýjar rannsóknir þar um og líkön sem byggja á gagnreyndri þekkingu.

Rannsóknir um sálfélagslega þætti á vinnustað sem tengjast vellíðan og jákvæðri vinnustaðamenningu og gagnreynd líkön þar um sýna að mikilvægum áhrifaþáttum má skipta í þrjú flokka: 1) sjálfræði og gagnkvæman stuðning, 2) persónulegan styrk og innri starfshvöt og 3) sameiginlegan tilgang og skýra ábyrgðarskyldu. Þá sýna rannsóknir að forysta sem eflir áður nefnda þætti byggir á lýðræðislegri nálgun og virkjar þátttöku og ábyrgð starfsfólks. Rannsóknir sýna að áherslur þjónandi forystu endurspeglar þessa þrjú þætti og að líta má á hugmyndafræði þjónandi forystu sem mikilvægan grunn jákvæðrar vinnustaðamenningar.

Rannsóknin takmarkast meðal annars af því að fáar langtímarannsóknir liggja fyrir um efnið. Samantekt á stöðu þekkingar getur þó gefið mikilvægar vísbendingar um efnið og bent á þætti sem brýnt er að rannsaka frekar. Í niðurstöðunum felast skilaboð til stjórnenda og starfsfólks um árangursríkar áherslur sem styrkja vellíðan starfsmanna og góða vinnustaðamenningu og að heilsueflandi þjónandi forystu getur reynst gagnleg til að styrkja þær áherslur. Niðurstöður rannsóknarinnar eru framlag til þekkingar um árangursríka forystu til að efla vellíðan starfsfólks og jákvæða vinnustaðamenningu.

Lykilorð: Vellíðan, stjórnun, þjónandi forysta, vinnustaðamenning



Hjördís Sigursteinsdóttir, hjordis@unak.is

Helstu áskoranir í stjórnun sveitarfélaga á tímum COVID-19

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða stjórnun og stjórnunarhætti hjá íslenskum sveitarfélögum á tímum COVID-19. Markmiðið var að komast að því hverjar voru helstu áskoranir sem stjórnendur íslenskra sveitarfélaga stóðu frammi fyrir í COVID-19 heimsfaraldrinum.

Tekin voru einstaklingaviðtöl við bæjarstjóra í 10 af 22 sveitarfélögum með 2.000 íbúa eða fleiri. Viðtölin fóru fram í gegnum Teams 2.-24. mars og voru 19 til 35 mínútur að lengd. Viðtölin voru tekin upp, afrituð og þemagreind.

Niðurstöðurnar sýna að helsta áskorun bæjar- og sveitarstjóranna var að halda stofnunum opnum með viðeigandi mönnun og þjónustustigi í mjög krefjandi aðstæðum. Fram kom meðal annars hjá bæjar- og sveitarstjórnunum að ráðningarumhverfi opinberra starfsmanna sé mjög niður njörvað og starfsmannarétturinn ríkur. Sá réttur gerði það að verkum að erfitt var að færa starfsfólk á milli starfa þegar á þurfti að halda. Starfsfyrirkomulagið gjörbreyttist í einu vetfangi, allir áttu að vinna heima sem gátu og það var vandasamt að púsla því saman. Margar stofnanir voru undirmannaðar, bæði vegna veikinda og manneklu fyrir COVID-19. Á sama tíma kom stytting vinnuvikunnar til framkvæmda sem jók enn frekar á mönnunarvandann og skapaði meira álag á það starfsfólk sem var í vinnu. Margir stjórnendur fóru þá leið að valdefla starfsfólkið en einnig kom fram í máli bæjar- og sveitarstjóranna hversu öflugir stjórnendur væru innan sveitarfélaganna, samstaða og samheldni hafi aukist og allir voru boðnir og búnir að leggja mikið á sig til að láta hlutina ganga upp. Jafnframt kom fram að mörg sveitarfélög eiga við rekstrarvanda að stríða og kostnaður þeirra jókst vegna COVID-19.

Takmarkanir rannsóknarinnar beinast að því að hún náði aðeins til 10 af 22 sveitarfélögum sem eru með 2.000 íbúa eða fleiri. Draga má þann lærdóm af þessari rannsókn að á erfiðum tímum þegar þjóðin og vinnustaðir standa frammi fyrir erfiðu og áður óþekktu verkefni þá standur fólk saman, styður hvert annað og finnur lausnir til að takast á við ógn eins og COVID-19 faraldurinn. Sveitarfélög spila mikilvægt hlutverk í samfélögum bæði sem veitendur grunnþjónustu og sem atvinnurekendur en sveitarfélögin sem heild eru stærsti vinnustaður landsins. Rannsóknir hafa sýnt að þegar skipulagsheildir standa frammi fyrir utanaðkomandi ógn sem hefur neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi þeirra þá grípa þau gjarnan til niðurskurðar í starfsmannahaldi. Framlag þessarar rannsóknar er mikilvægt innlegg inn í stjórnun og stjórnunarhætti á tímum óvissu og skipulagsbreytinga.

Lykilorð: Stjórnun, stjórnunarhættir, niðurskurður, starfsmannahald



Jón Snorri Snorrason, jonsnorri@bifrost.is

Krísa og krísustjórnun KSÍ 2021

Á árinu 2021 kom í ljós að skipulagsheildin Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) hafði verið kunnugt um en hylmt yfir meintum kynferðisbrotum innan sambandsins. Þetta vakti hörð viðbrögð í samfélaginu og krísa hófst hjá KSÍ í kjölfarið. Leitast verður við að varpa ljósi á atburðarásina og krísuna en einnig hvernig vænlegast hefði verið samkvæmt kenningum í krísufræðum að bregðast við, til að lágmarka eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif hennar.

Kenningar SCCT (Situational Crisis Communication Theory) hafa verið ríkjandi í fræðilegum rannsóknum á krísustjórnun þar sem lögð er áhersla á hvernig brugðist skuli við krísu og aðferðir þróaðar í takt við viðbrögð. Aðferðafræðin byggir á dæmisögu/tilviksrannsókn (e. single case study) og gerður samanburður við fræðilegar rannsóknir krísustjórnunar. Viðfangsefnið sem verður til skoðunar í þessari rannsókn eru viðbrögð við krísum með dæmisögu KSÍ til hliðsjónar.

Ekki er hægt að álykta að krísustjórnun KSÍ hafi verið árangursrík þegar niðurstöður eru bornar saman við erlendar tilviksrannsóknir en niðurstöðurnar sýna að krísustjórnun KSÍ var ófullnægjandi. Aðal mistök KSÍ voru að hundska viðvörunarbjöllur og bregðast seint við en skipulagsheildinni skorti allan trúverðugleika í krísuviðbrögðum. Ef KSÍ hefði tekið mið af rannsóknum í krísufræðum og viðurkenndum aðferðum í krísustjórnun hefði krísan ekki orðið jafn mikil og víðtæk eins og raunin varð.

Takmarkanir rannsóknarinnar byggjast meðal annars á því að raundæmisrannsóknir hafa verið gagnrýndar þar sem erfitt er að alhæfa út frá niðurstöðum á einstaka tilvikum. Rannsóknin byggir á staðfestum tímasettum gögnum úr úttektarskýrslu ÍSÍ. Greiningar út frá raundæmum eru engu að síður gagnleg fordæmi þar sem þau gera skipulagsheildum kleift að læra af krísum annarra. Hagnýtt gildi snýr að því að rannsóknin leitast við að varpa ljósi á krísu með raundæmisögu um krísustjórnun og hvernig þættir krísustjórnunar voru hjá KSÍ. Skoðuð eru tilvik í samhengi við kenningar um krísustjórnun, sem mun leiða af sér betri skilning á því sem gerðist. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi um raunverulegar krísur, krísuviðbrögð og samanburður við helstu kenningar. Rannsóknin er því framlag til breytingarstjórnunar um það hvernig skipulagsheildir geti brugðist rétt við aðstæðum sem kallast krísur.

Lykilorð: Skipulagsheildir, krísur, kenningar í krísustjórnun



Sjálfbærni

Eru lök gæði sjálfbærniupplýsinga hindrun á notkun þeirra meðal fagjáfesta?

Höfundar: Björg Jónsdóttir, Pröstur Olaf Sigurjónsson, Stefan Wendt og Lára

Jóhannsdóttir

Innleiðing gervigreindar í virðiskeðju til stuðnings sjálfbærni

Höfundar: Pröstur Olaf Sigurjónsson og Stefan Wendt

Viðskiptatækifæri sjálfbærni mæld með aðferðafræði kvikra kerfislíkana

Höfundar: Ágústa Þóra Jónsdóttir og Brynhildur Davíðsdóttir

Í átt að sjálfbærni – Samspil félagslega, umhverfislega og efnahagslega þátta í

viðskiptalíkönun norrænna tískufyrirtækja

Höfundar: Þórey S Þórisdóttir og Lára Jóhannsdóttir



Björg Jónsdóttir, bj25@hi.is
Þröstur Olaf Sigurjónsson, olaf@hi.is
Stefan Wendt, prófessor, stefanwendt@bifrost.is
Lára Jóhannsdóttir, prófessor, laraj@hi.is

Eru lök gæði sjálfbærniupplýsinga hindrun á notkun þeirra meðal fagfjárfesta?

Upplýsingagjöf fyrirtækja um umhverfis- og félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) er lykilmælitæki til að greina hversu vel fyrirtækjum gengur að ná markmiðum sínum á sviði sjálfbærni. Matsfyrirtæki á sviði sjálfbærni nýta gögn til einkunnargjafar á frammistöðu fyrirtækja gagnvart UFS-þáttum og fagfjárfestar sem horfa til sjálfbærni við fjárfestingar nota þær einkunnir til ákvarðanatöku. Rannsóknin leitast við að greina hvort mögulegur skortur á gæðum í UFS upplýsingagjöf hindri víðtæka innleiðingu UFS þátta vegna ákvarðana meðal fagfjárfesta.

Hálf-opin viðtöl voru tekin við níu sérfræðinga og stjórnendur meðal skráðra fyrirtækja á Íslandi, sjálfbærnimatsfyrirtækja og fagfjárfesta, sem taka þátt í eða stýra innleiðingu UFS þátta. Upplýsingarnar voru greindar eftir virðisikeðju, það er frá birtingu þeirra, til notkunar við einkunnargjöf sjálfbærnimatsfyrirtækisins til ákvörðunar meðal fagfjárfesta.

Niðurstöður benda til þess að upplýsingar sem byggðar eru á sjálfsmati fyrirtækis á eigin frammistöðu á sviði sjálfbærni séu óáreiðanlegar. Þær upplýsingar eru ekki í samræmi við raunverulega starfshætti viðkomandi fyrirtækja. Þá vekja viðskipti með kolefnisheimildir áhyggjur hjá hluta fagfjárfesta, en þeir draga í efa áreiðanleika umhverfisgagna ef mælikvarðar á kolefnislosun byggjast á keyptum kolefnisheimildum. Þá velta fagfjárfestar fyrir sér hver þýðing sjálfbærnivottana sé og hvernig megi túlka þær í sjálfbærnisráslum. Niðurstöður benda til þess að áhyggjur fagfjárfesta af lökum gæðum upplýsinganna hindri víðtækari notkun þeirra fjárfesta sem horfa til sjálfbærni við fjárfestingar.

Rannsóknin er takmörkuð af fremur fáum viðmælendum en niðurstöður dýpka skilning á vandamáli sem tengist lökum gæðum UFS upplýsinga. Þær eru viðeigandi fyrir almenn fyrirtæki, fjárfesta og eftirlitsaðila en það má nýta þær til að draga úr hindrunum sem tengjast skorti á gæðum UFS-upplýsinga. Þá bætir rannsóknin við þekkingu um UFS upplýsingar sem birtar eru í sjálfbærnisráslum fyrirtækja og eru nýttar til ákvarðana um sjálfbærar fjárfestingar. Rannsóknin veitir yfirsýn og dýpri skilning á gæðatengdum vandamálum í sjálfbærnisráslum en þau vandamál eru hindrun fyrir víðtækari nýtingu gagna fyrir fjárfestingarákvarðanir.

Lykilorð: UFS skýrslur, UFS fjárfestingar, gæði UFS gagna, fagfjárfestar



Þröstur Olaf Sigurjónsson, olaf@hi.is
Stefan Wendt, stefanwendt@bifrost.is

Innleiðing gervigreindar í virðiskeðju til stuðnings sjálfbærni

Tilgangur rannsóknarinnar er að greina hvernig hagnýting gervigreindar í virðiskeðju getur stutt við sjálfbærnimarkmið fyrirtækja. Hún metur áskoranir og tækifæri þegar kemur að hagnýtingu gervigreindar til aukinnar skilvirkni virðiskeðju. Áhersla er á virðiskeðju fyrirtækis í heild, frá fyrstu stígunum, svo sem öflun aðfanga frá landbúnaði og/eða fiskveiðum, yfir í vinnslustig, til dreifingar og neyslu.

Gagna er aflað um fyrri rannsóknir þegar kemur að hagnýtingu gervigreindar í virðiskeðju framleiðslufyrirtækja. Rannsóknin hvílir þess vegna á greiningu á fræðilegri umfjöllun, en jafnframt á eigindlegri nálgun þar sem tekin verða viðtöl við aðila frá ýmsum stígunum virðiskeðju, þar á meðal í landbúnaði og fiskveiðum, framleiðslu, vinnslu og dreifingu. Raundæmi verður nýtt þar sem samstarf er við alþjóðlegt framleiðslufyrirtæki í smíði vinnsluvéla til matvælaframleiðslu.

Niðurstöður varpa ítarlegu ljósi á virðiskeðju fyrirtækja í matvælaíðnaði og sýna fyrir hvert stíg hennar mögulegan ávinning fyrir sjálfbærni með beitingu gervigreindar í virðiskeðjunni. Í öðru lagi eru greind ýmis dæmi um raunverulega notkun gervigreindar í virðiskeðju, svo sem notkun auðlinda, gæðaeftirlit með hráefni og lágmarkun úrgangs. Rannsóknin varpar enn fremur ljósi á að notkun gervigreindar til stuðnings sjálfbærni er enn á upphafsstígunum, bæði hvað varðar samþættingu við sjálfbærnistefnur og innleiðingu þeirra.

Takmarkanir rannsóknarinnar tengjast eigindlegri nálgun sem hvílir á aðgengi að viðmælendum, það er að segja hversu reiðubúnir þeir eru til að veita djúpa innsýn í efnið. Hagnýtt gildi rannsóknarinnar er að niðurstöðurnar eiga að geta fært fyrirtækjum á sviði framleiðslu matvæla og vonandi í fleiri atvinnugreinum, ráð um það hvernig hagnýta megi gervigreind í virðiskeðju til stuðnings sjálfbærni. Markmiðið er að slík hagnýting nái allt frá öflun aðfanga, flutnings þeirra, til framleiðslu og dreifingu vara til neytenda. Niðurstöðurnar munu aðstoða við að bera kennsl á áskoranir við beitingu gervigreindar og settar eru fram tillögur að því hvernig megi sigrast á þeim áskorunum. Rannsóknin hjálpar til við að fylla í skarð þekkingar um stöðu, tækifæri og áskoranir gervigreindar í virðiskeðju fyrirtækja á sviði framleiðslu matvæla. Fáar rannsóknir hafa verið unnar á þessu sviði svo það vantar skilning á virðiskeðjunni þegar kemur að sjálfbærni og hvernig þættir virðiskeðjunnar tengjast, með áherslu á sjálfbærni.

Lykilorð: Gervigreind, virðiskeðja fæðuframboðs, sjálfbær matvælaíðnaður, Ísland



Ágústa Þóra Jónsdóttir, atj13@hi.is
Brynhildur Davíðsdóttir, bdavids@hi.is

Viðskiptatækifæri sjálfbærni mæld með aðferðarfræði kvikra kerfislíkana

Tilgangur rannsóknarinnar er að greina hvernig hagnýting gervigreindar í virðiskeðju getur stutt við sjálfbærnimarkmið fyrirtækja. Hún metur áskoranir og tækifæri þegar kemur að hagnýtingu gervigreindar til aukinnar skilvirkni virðiskeðju. Áhersla er á virðiskeðju fyrirtækis í heild, frá fyrstu stigum, svo sem öflun aðfanga frá landbúnaði og/eða fiskveiðum, yfir í vinnslustig, til dreifingar og neyslu.

Gagna er aflað um fyrri rannsóknir þegar kemur að hagnýtingu gervigreindar í virðiskeðju framleiðslufyrirtækja. Rannsóknin hvílir þess vegna á greiningu á fræðilegri umfjöllun, en jafnframt á eigindlegri nálgun þar sem tekin verða viðtöl við aðila frá ýmsum stigum virðiskeðju, þar á meðal í landbúnaði og fiskveiðum, framleiðslu, vinnslu og dreifingu. Raundæmi verður nýtt þar sem samstarf er við alþjóðlegt framleiðslufyrirtæki í smíði vinnsluvéla til matvælaframleiðslu.

Niðurstöður varpa ítarlegu ljósi á virðiskeðju fyrirtækja í matvælaíðnaði og sýna fyrir hvert stig hennar mögulegan ávinning fyrir sjálfbærni með beitingu gervigreindar í virðiskeðjunni. Þá eru greind ýmis dæmi um raunverulega notkun gervigreindar í virðiskeðju, svo sem notkun auðlinda, gæðaeftirlit með hráefni og lágmarkun úrgangs. Rannsóknin varpar einnig ljósi á að notkun gervigreindar til stuðnings sjálfbærni er enn á upphafsstigum, bæði hvað varðar samþættingu við sjálfbærnistefnur og innleiðingu.

Takmarkanir rannsóknarinnar tengjast eigindlegri nálgun sem hvílir á aðgengi að viðmælendum, það er að segja hversu reiðubúnir þeir eru til að veita djúpa innsýn í efnið. Hagnýtt gildi rannsóknarinnar er að niðurstöðurnar eiga að geta fært fyrirtækjum á sviði framleiðslu matvæla og vonandi í fleiri atvinnugreinum, ráð um það hvernig hagnýta megi gervigreind í virðiskeðju til stuðnings sjálfbærni. Markmiðið er að slík hagnýting nái allt frá öflun aðfanga, flutnings þeirra, til framleiðslu og dreifingu vara til neytenda. Niðurstöðurnar munu aðstoða við að bera kennsl á áskoranir við beitingu gervigreindar og settar eru fram tillögur að því hvernig megi sigrast á þeim áskorunum. Rannsóknin hjálpar til við að fylla í skarð þekkingar um stöðu, tækifæri og áskoranir gervigreindar í virðiskeðju fyrirtækja á sviði framleiðslu matvæla. Fáar rannsóknir hafa verið unnar á þessu sviði svo það vantar skilning á virðiskeðjunni þegar kemur að sjálfbærni og hvernig þættir virðiskeðjunnar tengjast, með áherslu á sjálfbærni.

Lykilorð: Gervigreind, virðiskeðja fæðuframboðs, sjálfbær matvælaíðnaður, Ísland



Pórey S Þórisdóttir, thth52@hi.is

Lára Jóhannsdóttir, laraj@hi.is

Í átt að sjálfbærni - Samspil félagslega, umhverfislega og efnahagslega þátta í viðskiptalíkönunum norrænna tískufyrirtækja

Markmið rannsóknarinnar er að útskýra sjálfbær viðskiptalíkön tískufyrirtækja á Norðurlöndunum og varpa ljósi á áherslu sem ætlað er að auka jafnvægi á milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta í viðskiptalíkönunum þeirra.

Byggt er á eiginlegum rannsóknaraðferðum og grunduðum kenningum þar sem aðleiðslu (e. Inductive) var beitt í gagnavinnslu til að öðlast ákveðinn skilning út frá þeim gögnum sem aflað var. Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við stjórnendur norrænna félagasamtaka á sviði tísku og stjórnendur tískufyrirtækja ásamt því að greining var gerð á inntaki sjálfbærnisráðgjafna 32 tískufyrirtækja.

Niðurstöður eru settar fram í þremur flokkum, virðisloforð, (e. value proposition), virðisauki (e. Value creation and delivery), virðissköpun (e. value capture). Hvað viðskiptalíkin varðar koma fram áherslur um það hvernig lengja megi líftíma tískufatnaðar, hanna endingarbetri vörur, að hönnunin sé óháð kyni og að áhersla sé á tímalaus hönnun. Niðurstöðurnar gefa vísbendingu um skort á heildrænni nálgun þegar kemur að sjálfbærni innan tískuiðnaðarins en skortur á heildrænni nálgun kemur í veg fyrir að fyrirtæki færi sig frá ósjálfbærum viðskiptalíkönunum yfir í sjálfbærari viðskiptalíkön.

Rannsóknin leitast við að greina sjálfbærni í viðskiptalíkönunum norrænna tískufyrirtækja og varpa ljósi á áherslu sem ætlað er að auka jafnvægi á milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta. Áherslan var á fyrirtæki með félagsaðild í félagasamtökum á Norðurlöndunum sem takmarkar að ekki sé hægt að alhæfa fyrir heildina. Rannsóknin veitir innsýn í það hvernig tekið er á félagslegum, umhverfislegum og efnahagslegum þáttum og þeim vanda og hindrunum sem tískuiðnaðurinn stendur frammi fyrir. Einnig veitir hún innsýn í þær aðgerðir sem stjórnendur tískufyrirtækjanna beita til að auka áherslu á sjálfbærni innan atvinnugreinarinnar. Rannsókninni er ætlað að bæta þekkingu þegar kemur að sjálfbærni og viðskiptalíkönunum fyrirtækja starfa innan tískugeirans. Hún dregur fram ákveðna þekkingu á því sviði ásamt því að setja fram hagnýttar niðurstöður fyrir stjórnendur tískufyrirtækja sem og stjórnendur norrænna félagasamtaka í atvinnugreininni í þeim tilgangi að efla skilning þeirra á stöðu málaflöksins. Þá geta niðurstöður gagnast stjórnvöldum hvað varðar lagalega umgjörð um starfsemi tískufyrirtækja hvað sjálfbærni varðar.

Lykilorð: Norræn, tísku, sjálfbærni, viðskiptalíkön



Fjármál, markaður og menning

Mislagðar hendur: Ríkið reynir að selja banka

Höfundur: Gylfi Magnússon

EFTA-ríkin og fríverslun við Kína

Höfundar: Sigurður Guðjónsson og Jón Þorvaldur Heiðarsson

Fjárhagsleg áhættuhegðun frá menningarlegu sjónarhorni

Höfundar: Verena Karlsdóttir, Már Wolfgang Mixa og Anna Maria Wojtynska

Skattsvik og siðferði hinna hverfullu og refjóttu

Höfundar: Arna Laufey Steinarsdóttir og Auður Hermannsdóttir

Markaðsaðgengi: Samanburður milli Japan og Kína

Höfundar: Bryndís Ólafsdóttir og Erla Sólveig Kristjánsdóttir



Gylfi Magnússon, gylfimag@hi.is

Mislagðar hendur: Ríkið reynir að selja banka

Markmið rannsóknarinnar er að skoða þá leið sem farin var við sölu ríkissjóðs á hlutafé í Íslandsbanka árið 2022, hvers vegna hún var valin og hvernig tókst til.

Rannsóknin byggir að mestu á gögnum sem gerð hafa verið opinber frá Íslandsbanka, Fjármálaráðuneyti, Bankasýslu ríkisins, Ríkisendurskoðun og fjölmiðlaumfjöllun. Þá kunna að bætast við gögn frá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Enn fremur verður skoðað að ræða við aðila sem léku lykilhlutverk. Greining á þessum gögnum verður nýtt til að skýra atburðarás og draga fram lykilávarðanir og afleiðingar þeirra. Þetta verður borið saman við reynslugögn og fræðiskrif um sambærilega sölu hlutafjár erlendis og innlenda reynslu, m.a. af fyrri sölu ríkisins á hlutafé í sama banka, sem gerð var með öðrum hætti, sölu hlutafjár í Arion banka nokkru fyrr og eldri dæmi frá einkavæðingu banka í kringum síðustu aldamót, sem einnig hafa verið gagnrýnd nokkuð harkalega.

Salan hefur þegar verið harðlega gagnrýnd. Rannsóknin staðfestir að gagnrýnin er a.m.k. að hluta til réttmæt. Þannig liggur fyrir að markmið með vali á tilboðsgjöfum voru óljós og illa rökstudd. Enn fremur var ákvörðun um verð, sem var talsvert undir því sem hægt hefði verið að ákveða og selja þó allt sem til stóð, mjög dýr fyrir seljanda án þess að það hafi skilað neinum augljósum ávinningi fyrir aðra en kaupendur. Ýmislegt fleira fór úrskeiðis, m.a. tæknileg úrvinnsla úr tilboðum.

Helsta takmörkun rannsóknarinnar er að til skoðunar er eitt tilvik, sem getur verið lærdómsríkt en vitaskuld er þó varhugavert að alhæfa á grundvelli slíkrar rannsóknar. Samanburður við fyrri tilvik breiðkar þó nálgunina að einhverju marki. Niðurstöðurnar geta verið mjög hagnýtar enda geta þær gefið leiðbeiningu, ekki eingöngu við sölu á frekari hlut í bankanum heldur almennt við sölu hlutafjár á íslenskum markaði. Töluverð umræða hefur þegar orðið um þessa sölu og skýrslur skrifaðar en þessi rannsókn mun setja atburðarásina í víðara samhengi, með grunni í fræðikenningum og samanburði við fyrri sölu hlutafjár, hérlendis og erlendis. Niðurstöðurnar ættu að auka almennt skilning á kostum og göllum mismunandi aðferða við einkavæðingu og almennt sölu hlutafjár og bæta við fræðilega þekkingu á því sviði.

Lykilorð: Hlutabréfamarkaður, einkavæðing, útboð



Sigurður Guðjónsson, siggig@hi.is
Jón Þorvaldur Heiðarsson, jthh@unak.is

EFTA-ríkin og fríverslun við Kína

Einstök lönd innan EFTA, Ísland og Sviss, hafa gert fríverslunarsamninga (FTA) við Kína. Þessi rannsókn veitir hagfræðilega greiningu á þeim EFTA-ríkjum sem hófu fríverslunarsamninga við Kína árið 2014 sem og Noregi sem er í fríverslunarviðræðum við Kína. Leitast er við að svara því hvort hagstætt sé fyrir EFTA-ríkin að hafa viðskiptasamning (FTA) við Kína.

Rannsóknin var framkvæmd með meginþinglegum aðferðum, aðhvarfsgreiningu og þyngdarafslíkani (e. gravity model). Gögnin sem greind voru náðu yfir bæði útflutning og innflutning EFTA-ríkjanna Íslands, Noregs og Sviss á tímabilinu 2010-2017. Ekki var gerð greining á gögnum frá Liechtenstein, þar sem þau gögn eru ekki auðfengin.

Niðurstöður eru jákvæðar fyrir útflutning frá Kína til EFTA-ríkjanna, en ekki fyrir útflutning frá EFTA til Kína. Niðurstaðan er því sú að fríverslunarsamningar EFTA ríkjanna virðast fyrst og fremst leiða til aukins útflutnings fyrir Kína.

Takmarkanir rannsóknarinnar snúa helst að því að skoða þyrfti gögn frá lengra tímabili auk þess sem skoða þarf betur heildaráhrif á auknum viðskiptum Kína og EFTA-ríkjanna. Annars var rannsóknin unnin á sama hátt og aðrar rannsóknir um fríverslun milli landa. Hvað varðar hagnýtt gildi rannsóknarinnar þá varpar hún ljósi á eðli utanríkisverslunar og hvert hún stefnir milli Íslands og næst stærsta hagkerfi heims, Kína en íslendingar þurfa að verða meðvitaðir um og hagsmuni sína og gæta þeirra í þessum málum. Þá bætir rannsóknin við fræði utanríkisverslunar og er einnig viðbót við þær mörgu rannsóknir sem notast hafa við þyngdarafslíkanið

Lykilorð: Fríverslunarsamningar, þyngdarafslíkan, Kína, EFTA



Verena Karlsdóttir, verena@hi.is
Már Wolfgang Mixa, mwm@hi.is
Anna Maria Wojtynska, wojtynska@hi.is

Fjárhagsleg áhættu hegðun frá menningarlegu sjónarhorni

Rannsóknin leggur mat á umhverfis- og einstaklingsþætti fjárhagslegrar áhættu hegðunar hjá viðskiptafræðinimum á Íslandi og í Póllandi. Í rannsókninni er athugað hvort umhverfis- eða einstaklingsþættir hafi áhrif á fjárhagslega áhættu hegðun (e. risk-taking behaviour) sem skilgreina má sem áhættuspil (e. gambling) og fjárfestingar (e. investing). Einnig er skoðað hvort menning hafi áhrif á fjárhagslega áhættu hegðun.

Spurningalista var dreift meðal íslenskra og pólskra viðskiptafræðinema með það að markmiði að afla upplýsinga um áhættu hegðun. Spurningarnar um áhættutöku voru byggðar á svokölluðum Domain-Specific Risk-Taking (DOSPRT) kvarða, þróaður af Blais og Weber árið 2006. Áhættutökuviðbrögðin meta hegðunaráform, eða líkurnar á áhættu hegðun einstaklinga á fimm sviðum; siðferðilega, félagslega, fjárhagslega, tengt heilsu og öryggi eða í afþreyingu. Fyrir þessa rannsókn var einungis notast við svið fjárhagslegrar áhættu hegðunar, skipt upp í fjárhættuspil og fjárfestingar. Frekari bakgrunnsbreytur voru greindar, svo sem kyn, þjóðerni, líkamsstærð, aldur og systkini. Rannsóknin var framkvæmd með QuestionPro og svöruðu 302 nemendur.

Niðurstöður sýna menningarlegan mun á fjárhagslegri áhættu hegðun. Sá munur einskorðaðist þó við fjárfestingar, þar sem að ungir íslenskir einstaklingar taka meiri áhættu en pólskir. Hvað fjárhættuspil varðar hafa eingöngu einstakir þættir áhrif en það eru kyn, líkamsstærð og fjárhagur, þ.e. hvort nemandinn sé í vinnu eða ekki.

Takmarkanir rannsókna snúa að skekktu kynjahlutfalli meðal þátttakenda þar sem fleiri konur tóku þátt en karlar. Einnig eru þátttakendur takmarkaðir við viðskiptafræðinema í löndunum tveimur. Í framtíðarrannsóknum er stefnt að því að dreifa könnuninni til breiðari hóps og annarra þjóða. Slíkt myndi skapa forsendur til að skoða bakgrunnsbreytur betur til að kanna aðrar hugsanlegar ástæður fyrir fjárhagslegri áhættu hegðun einstaklinga, svo sem persónueinkenni, menntun, fjölda barna og tekjur. Niðurstöðurnar veita innsýn í menningarlegt samhengi og þar með áhrif hagstjórnar þegar kemur að áhættu hegðun einstaklinga í fjármálum, einkum með tilliti til fjárfestinga. Fjárfestingarákvarðanir verða fyrir áhrifum af umhverfinu og geta því fjölskylduaðstæður eða ástand efnahagslífsins haft áhrif en áhættuspil eru frekar einstaklingsbundin og verða síður fyrir áhrifum ytri aðstæðna.

Lykilorð: Áhættu hegðun, áhættuspil, fjárfesting, menning



Arna Laufey Steinarsdóttir, arnalaufey@hotmail.com

Auður Hermannsdóttir, audurhermannsdottir@hi.is

Skattsvik og siðferði hinna hverfullu og refjóttu

Umfang skattsvika er umtalsvert hér á landi. Sé dregið úr slíkri hegðun er mögulega hægt að auka tekjur hins opinbera umtalsvert til að standa undir sameiginlegum verkefnum samfélagsins. Markmið rannsóknarinnar er annars vegar að varpa ljósi á hvað kunni að skýra það að sumir samfélagsþegnar eru líklegri en aðrir til að svíkja undan skatti. Í því skyni verður bæði einblínt á skattasiðferði og persónuleikaeinkenni einstaklinga. Hins vegar er markmiðið að greina hvaða hópa skattgreiðenda sé fýsilegt að miða aðgerðum að með það að leiðarljósi að draga úr skattsvikum.

Í gegnum rafrænt hentugleikaúrtak fengust svör frá 593 einstaklingum sem svöruðu spurningalista þar sem áform um skattsvik, skattasiðferði og persónuleiki var mældur.

Niðurstöðurnar sýndu að skattasiðferði hefur veigamesta forspárgildið um það hvort fólk sé líklegt til að svíkja undan skatti. Jafnframt reyndust persónuleikaeinkennin heiðarleiki og auðmýkt annars vegar og siðblinda hins vegar skipta töluverðu máli í þessu sambandi. Niðurstöður klasagreiningar leiddu í ljós að ákjósanlegt sé að skipta skattgreiðendum í þrjá hópa sem nefndir voru heiðvirðu samfélagsþegnarnir, hverfullu samfélagsþegnarnir og refjóttu samfélagsþegnarnir. Hinir heiðvirðu eru mjög ólíklegir til að svíkja undan skatti og hafa hátt skattasiðferði. Hinir tveir hóparnir, hinir hverfullu og refjóttu, eru hópar sem ætti markvisst að miða á til að draga úr skattsvikum, þó með ólíkum aðferðum sem útlistaðar eru í greininni.

Takmarkanir rannsóknarinnar snúa að því að þversniðsrannsóknir sem byggja á hentugleikaúrtaki ber alltaf að taka með fyrirvara. Töluvert fleiri konur voru í úrtakinu og æskilegt hefði verið að ná jafnari dreifingu í aldri. Jafnframt er eðlilegt að velta því upp hvort þátttakendur séu að öllu leyti hreinskilnir í svörum þegar spurt er um þætti eins og áform um skattsvik og skattasiðferði. Hagnýtt gildi rannsóknarinnar snýr að því að forsenda þess að hægt sé að hafa áhrif á hegðun eins og skattsvik er að gera sér grein fyrir hvað skýri hegðunina, átta sig á hvaða hópa þurfi að miða aðgerðum að og með hvaða hætti eigi að gera það. Niðurstöðurnar varpa ljósi á alla þessa þætti og eru því verðmætar opinberum aðilum í þeirra viðleitni að draga úr skattsvikum. Þekking á því hvers vegna fólk svíkur undan skatti og hverjir séu líklegir til slíkrar hegðunar er takmörkuð, sér í lagi þegar kemur að innri þáttum eins og siðferði og persónuleika. Rannsóknin er því mikilvægt framlag til fræðanna og gefur atferlisvísindalega innsýn í viðfangsefnið.

Lykilorð: Skattsvik, skattasiðferði, HEXACO, hin myrka þrenning



Bryndís Ólafsdóttir, bro16@hi.is
Erla Sólveig Kristjánsdóttir, esk@hi.is

Markaðsaðgengi: Samanburður milli Japan og Kína

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvernig stjórnendur í litlum og meðalstórum fyrirtækjum (LMF) í líftækni- og lækningatækjageiranum upplifa áskoranir við aðgengi að fjarlægum hátæknimarkaði. Sérstaklega er dreginn fram munur á upplifun í Japan í samanburði við Kína.

Notast er við eigindlegar rannsóknaraðferðir en rannsóknin er tilviksrannsókn, með grundaða kenningu þar sem vettvangsvinna þróast samhliða þróun kenninga og varpar fram nýrri sýn á gögnin. Í grunninn er stuðst við hálf-stöðluð viðtöl við stjórnendur í íslenskum, dönskum og sænskum fyrirtækjum og milliliði úr stuðningssumhverfinu. Viðtölin fóru aðallega fram í Japan en einnig í norrænum höfuðstöðvum og voru flest tekin á tímabilinu 2018-2019.

Niðurstöðurnar sýna upplifun viðmælanda á þessum tveimur mörkuðum sem „dagur og nótt.“ Helsti munurinn er sá að þú veist að hverju þú gengur í Japan, á meðan í Kína geta skráningareglugerðir breyst á svipstundu í miðju ferli. Einnig kom skýrt fram að miklar kröfur eru gerðar til fullkomleika vöru í Japan, meira en í nokkru öðru landi. Í báðum löndunum er mikilvægt að hafa innlenda milliliði og aðgengi að markaði er tímafrek. Til þess að varpa ljósi á niðurstöðurnar er litið til stofnanakenninga og þá sérstaklega áhrif laga og reglugerða annars vegar og ráðandi norma og gilda hins vegar en jafnframt litið til menningarlegra þátta.

Takmarkanir rannsókna varða breytilega upplifun viðmælanda á menningu og stofnanaumhverfinu sem þýðir að ekki er hægt að alhæfa fyrir heildina. Ákveðnar takmarkanir fólust líka í því að lítill hópur norrænna LMF og milliliða hafa starfsemi á þessum mörkuðum. Þau fyrirtæki sem taka ákvörðun um að sækja á Japans- og/eða Kínamarkað þurfa að gera sér grein fyrir að þetta er bæði tímafrek og dýr ákvörðun. Báðir þessir markaðir eru stórir og möguleikar á ávinningi miklir en rannsókn sem þessi veitir nokkra innsýn í mögulegar hindranir í veginum. Einnig svarar rannsóknin kalli um meiri athuganir á LMF í stað stærri fyrirtækja sem og að líta til upphafsaðgengis í stað markaðsárangurs, áhrif aðstæðna á markaði og ekki síst að bera saman tvö lönd en samanburðarrannsóknir draga fram atriði sem ella væru hulin.

Lykilorð: Alþjóðavæðing, útflutningshindranir, skrifræði, markaðsaðgengi



Höfundalisti

Ágúst Arnórsson, agustar@hi.is
Ágústa Þóra Jónsdóttir, atj13@hi.is
Anna Maria Wojtynska, wojtynska@hi.is
Ásta Dís Óladóttir, astadis@hi.is
Auður Hermannsdóttir, audurhermannsdottir@hi.is
Björg Jónsdóttir, bjj25@hi.is
Bryndís Ólafsdóttir, bro16@hi.is
Brynhildur Davíðsdóttir, bdavids@hi.is
Brynjar Þór Þorsteinsson, brynjar@bifrost.is
Dóróthea Jóhannsdóttir, dorotheaj12@gmail.com
Dr. Erla Sólveig Kristjánsdóttir, esk@hi.is
Einar Guðbjartsson, eg@hi.is
Einar Svansson, einarsv@bifrost.is
Eyþór Í. Jónsson, eythor@akademias.is
Freyr Halldórsson, freyrh@ru.is
Guðjón Helgi Egilsson, ghe@hi.is
Gunnar Óskarsson, gunnaros@hi.is
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, gylfidal@hi.is
Gylfi Magnússon, gylfimag@hi.is
Haraldur Daði Ragnarsson, haraldurr@bifrost.is
Harpa Dís Jónsdóttir, harpadis@hi.is
Helgi Tómasson, helgito@hi.is
Hjördís Sigursteinsdóttir, hjordis@unak.is
Ingi Rúnar Eðvarðsson, ingire@hi.is
Ingbjörg Sigurðardóttir, inga@holar.is
Jóhanna Gunnlaugsdóttir, jg@hi.is
Jón Snorri Snorrason, jonsnorri@bifrost.is
Jón Þorvaldur Heiðarsson, jthh@unak.is
Lára Jóhannsdóttir, laraj@hi.is
Laufey Steinarsdóttir, arnalaufey@hotmail.com
Már Wolfgang Mixa, mwm@hi.is
Olga Ýr Björgvinsdóttir, olgab19@bifrost.is
Ragna Kemp Haraldsdóttir, rh@hi.is
Rakel Jónsdóttir, rakelj21@bifrost.is
Runólfur Smári Steinþórsson, rsmari@hi.is



Sigrún Eyjólfsdóttir, sie58@hi.is
Sigrún Gunnarsdóttir, sigrungu@hi.is
Sigurður Guðjónsson siggig@hi.is
Sigurjón Geirsson, sgg@hi.is
Stefan Wendt, stefanwendt@hi.is
Verena Karlsdóttir, verena@hi.is
Viðar Halldórsson, vidarh@hi.is
Þóra H. Christiansen thc@hi.is
Þórey S Þórisdóttir, thth52@hi.is
Þórhallur Örn Guðlaugsson, th@hi.is
Þröstur Olaf Sigurjónsson, olaf@hi.is

